

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

#### 1. gr.

Í stað fylgiskjals I með reglugerð nr. 1212/2015 kemur nýtt fylgiskjal I sem birt er með reglugerð þessari. Fylgiskjöl II-IV eru óbreytt.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, öðlast þegar gildi og skal gilda um reikningsár sem hefst 1. janúar 2021.

*Innviðaráðuneytinu, 14. október 2022.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ingilín Kristmannsdóttir.*

### **Fylgiskjal I.**

#### **Um flokkun og greiningu í bókhaldi/reikningshaldi sveitarfélaga ásamt upplýsingaveitu og tvílyklun.**

#### 1. gr.

##### *Flokkun og greining.*

Í fylgiskjali þessu er sett fram greining á verkefnum sveitarfélaga í málaflokka sem gerð er lágmarkskrafa um að sveitarfélög fylgi í reikningsskilum sínum ásamt flokkun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum vegna skila í upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélaga sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar með heimild í lögum til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum. Sveitarfélög geta flokkað tekjur og gjöld, eignir og skuldir enn frekar í bókhaldi sínu, en flokkunin samkvæmt fylgiskjali þessu er sú lágmarks-flokkun og greining í rekstrareiningar sem miðað er við að sveitarfélög fylgi í bókhaldi sínu og reikningsskilum.

Sveitarfélög eru í bókhaldi sínu ekki bundin af þeim númeralykli sem tilgreindur er í fylgiskjali þessu en gerð er krafa um notkun númeralykilsins og flokkun, við rafræn skil í upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Eftirfarandi er greining í málaflokka sem miðað er við að sveitarfélög fylgi að lágmarki í reikningsskilum sínum en nánari umfjöllun, m.a. um flokkun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum er að finna í þessu fylgiskjali.

#### **A – hluti (sveitarsjóður):**

##### *Aðalsjóður:*

- 00 Skatttekjur
- 02 Félagsþjónusta
- 03 Heilbrigðismál
- 04 Fræðslu- og uppeldismál
- 05 Menningarmál
- 06 Æskulýðs- og íþróttamál

- 07 Brunamál og almannavarnir
- 08 Hreinlætismál
- 09 Skipulags- og byggingarmál
- 10 Umferðar- og samgöngumál
- 11 Umhverfismál
- 13 Atvinnumál
- 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja
- 21 Sameiginlegur kostnaður
- 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga
- 27 Óreglulegir liðir
- 28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
- 29 Aðalsjóður – efnahagur

*Aðrir sjóðir og stofnanir:*

- 31 Eignasjóður – rekstur
- 32 Eignasjóður – efnahagur
- 59 Aðrar A-hluta stofnanir
- 60 Aðrar A-hluta stofnanir – efnahagur

**B – hluti (fyrirtæki sveitarfélaga):**

- 61 Hafnarsjóður
- 62 Hafnarsjóður – efnahagur
- 63 Vatnsveita
- 64 Vatnsveita – efnahagur
- 65 Rafveita
- 66 Rafveita – efnahagur
- 67 Hitaveita
- 68 Hitaveita – efnahagur
- 69 Fráveita
- 70 Fráveita – efnahagur
- 71 Félagslegt íbúðarhúsnæði
- 72 Félagslegt íbúðarhúsnæði – efnahagur
- 77 Félagslegar þjónustustofnanir
- 78 Félagslegar þjónustustofnanir – efnahagur
- 89 Önnur B-hluta fyrirtæki
- 90 Önnur B-hluta fyrirtækir – efnahagur

2. gr.

*Hugtakalisti.*

- |       |   |
|-------|---|
| COFOG | Málaflokkasundurliðun (e. Classification of Functions of Government). |
| GFS   | Hagræn sundurliðun (e. Government Finance Statistics).                |

3. gr.

*Rafræn skil á fjárhagsupplýsingum.*

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er sveitarfélögum, fyrirtækjum og stofnunum þeirra skylt að skila fjárhagsupplýsingum með rafrænum hætti í upplýsingaveitu sveitarfélaga til samræmis við fyrirmæli í þessu fylgiskjali. Gerð er krafa um rafræn skil í gagnagrunn með þrennum hætti, á vefformi, sundurliðaðar fjárhagsupplýsingar og fjárhagsupplýsingar á pdf-formi skjala eða sambærilegu formi. Um skilin fer eftir nánari fyrirmælum Hagstofu Íslands. Eftirfarandi er yfirlit um rafræn skil:

	Innsláttur	Úr bókhaldi	Skjöl
1. Ársreikningur	Vefform	Sundurliðun	Pdf-skjal
2. Sundurliðunarbók			Pdf-skjal
3. Skýrsla endurskoðanda			Pdf-skjal
4. Fjárhagsáætlun	Vefform	Sundurliðun	Pdf-skjal
5. Ársfjórðungsskil			
6. Viðauki við fjárhagsáætlun			Pdf-skjal

1. Ársreikningur. Í fyrsta lagi er óskað eftir að skil á ársreikningum fari eftir sérstöku formi vefskila þar sem skilað er upplýsingum um rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Í öðru lagi er óskað eftir skilum á sundurliðuðum fjárhagsupplýsingum vegna rekstrar aðalsjóðs sveitarfélaga í samræmi við ákvæði fylgiskjalsins um flokkun og greiningu. Í þriðja lagi er óskað eftir skilum á ársreikningi í formi pdf-skjals.
2. Sundurliðunarbók ársreiknings. Óskað er eftir skilum á sundurliðunarbók ársreiknings í formi pdf-skjals.
3. Skýrsla endurskoðanda. Óskað er eftir að skýrslu endurskoðanda vegna ársreiknings verði skilað í formi pdf-skjals.
4. Fjárhagsáætlun. Skil á fjárhagsáætlunum fara eftir sérstöku formi vefskila þar sem skilað er upplýsingum um rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi en ekki er gerð krafa um sundurliðuð skil fyrir einstaka málaflokka. Jafnframt er óskað eftir skilum á fjárhagsáætlun í formi pdf-skjals.
5. Ársfjórðungsleg skil. Óskað er eftir skilum á sundurliðuðum fjárhagsupplýsingum vegna rekstrar aðalsjóðs sveitarfélaga í samræmi við ákvæði fylgiskjals þessa um flokkun og greiningu.
6. Viðauki við fjárhagsáætlun. Óskað er eftir skilum í formi pdf-skjals.

#### 4. gr.

#### *Málaflokkar – Deildir – Rekstrareiningar.*

### 00 SKATTTEKJUR

Undir þennan málaflokk falla allar tekjur sveitarfélagsins sem heyra undir ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar þær tekjur, sem eðli sínu samkvæmt geta talist skattar. Undir málaflokkinn falla einnig tekjur sveitarfélaga af lóðarleigu.

Tekjur skulu flokkast án tillits til þess hvort þær hafa verið innheimtar eða ekki. Þegar óvíst er um hvort tekjur innheimtist, þarf að gera ráð fyrir tapi. Óbein afskrift eða niðurfærsla á óinnheimtum skatttekjum í árslok flokkast til lækkunar á skatttekjum ársins.

Skatttekjur flokkast niður á eftirfarandi rekstrareiningar:

### 00 0 SKATTAR

Hér flokkast skatttekjur, útsvar og fasteignaskattur, samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skattar skulu sundurliðaðir á eftirfarandi hátt:

### 00 01 ÚTSVAR

Undir rekstrareininguna falla útsvarsálagning, breytingar á álagningu, verðbætur á ógreitt og ofgreitt útsvar, afskriftir og niðurfærsla óinnheimtra útsvarstekna. Staðgreiðsla af tekjum rekstrarársins flokkast einnig hér. Óinnheimt staðgreiðsla um áramót er færð samkvæmt uppgjöri Fjárslu ríkisins eftir að greiðslur vegna launa í desember hafa verið skráðar í innheimtukerfið eða samkvæmt áætlunum um staðgreiðslutekjur, sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir. Meta þarf óinnheimtar tekjur um áramót með tilliti til innheimtu og flokka niðurfærslu til lækkunar á tekjum ársins til þess að mæta því tapi sem kann að verða á óinnheimtum tekjum.

**00 06 FASTEIGNASKATTUR**

Hér flokkast álagður fasteignaskattur og breytingar á álagningu hans. Álögð holræsagjöld, sorphirðugjöld og vatnsgjald eru flokkuð á viðkomandi rekstrareiningar í B-hluta. Lóðarleiga flokkast á sérstaka rekstrareiningu innan skatttekna.

**00 1 FRAMLÖG ÚR JÖFNUNARSJÓÐI**

Hér flokkast öll framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Hér flokkast öll framlög samkvæmt reglugerð nr. 906/2010, þ.e. tekjujöfnunarframlög, þjónustuframlög, grunnskólaframlög vegna skólaaksturs, mótuneyta, heimavista og gæslu barna úr dreifbýli, framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga. Þá eru hér færð framlög samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 með síðari breytingum, þ.e. almenn grunnskólaframlög, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og veikinda-forfalla kennara, framlög vegna nýbúafræðslu og önnur framlög.

Hér flokkast einnig framlög vegna fólksfækkunar og framlög til jöfnunar tekjutaps vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti skv. reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti nr. 80/2001, með síðari breytingum.

Framlög vegna yfirfærslu málefna fatlaðra færast einnig hér.

**00 3 AÐRAR TEKJUR MEÐ SKATTAÁGILDI**

Hér flokkast aðrar tekjur sem í eðli sínu eru skatttekjur en falla ekki undir lög um tekjustofna sveitarfélaga. Hér flokkast lóðarleiga af lóðum í þéttbýli sveitarfélaga. Sundurliða skal þessar tekjur með eftirfarandi hætti:

**00 35 LÓÐARLEIGA****02 FÉLAGSÞJÓNUSTA**

Undir málaflókkinn flokkast og greinist allur kostnaður við félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingum, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2001 með síðari breytingum.

Þannig flokkast hér kostnaður við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, akstursþjónustu og barnavernd. Þá er einnig færður hér kostnaður vegna þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk og fleira þ.h.

Lögbundin framlög flokkast hér, svo og allur annar kostnaður er flokkast undir félagsþjónustu, t.d. kostnaður vegna jafnréttismála og vímuefnavarna. Þó flokkast útgjöld og tekjur vegna leikskóla og dagvistar barna undir málaflókk *04 Fræðslu- og uppeldismál*. Leikvellir flokkast á málaflókk *06 Æskulýðs- og íþróttamál*, en gæsluvellir undir *04 Fræðslu- og uppeldismál*.

Greina skal kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

**02 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast rekstrarkostnaður félagsþjónustu, laun sviðsstjóra og annarra starfsmanna á skrifstofu félagsþjónustu auk rekstrarkostnaðar svo og kostnaður vegna félagsmálanefndar og annar kostnaður sem ekki verður flokkaður annars staðar. Kostnaður vegna annarra nefnda um félagsþjónustu sem hafa afmarkað verksvið flokkast á viðkomandi rekstrareiningar, svo sem notendaráð í einstaka málaflókkum (öldungaráð o.fl.).

**02 1 FÉLAGSLEGUR STUÐNINGUR**

Hér flokkast kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar og annar kostnaður vegna félagslegrar samhjálp. Hér flokkast útgjöld vegna margvíslegrar stuðningsþjónustu sveitarfélaga, en sértæk stuðningsþjónusta við aldraða og fatlað fólk flokkast á viðkomandi rekstrareiningar. Kostnaður vegna vistunar eða fósturs barna og ungmenna flokkast ekki hér heldur á *02 3 Þjónusta við börn og unglinga*.

Þá flokkast hér útgjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings sem veittur er til viðbótar húsnæðisbótum ríkisins, skv. lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Flokka skal og greina útgjöld og tekjur niður á eftirfarandi rekstrareiningar:

#### 02 11 FJÁRHAGSAÐSTOÐ TIL FRAMFÆRSLU

Hér flokkast öll fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Fjárhagsaðstoð í formi láns skal flokka meðal skammtímakrafna í efnahagsreikningi. Ef um afskrift á slíkri kröfu er að ræða skal flokka niðurfærsluna hér.

#### 02 12 FJÁRHAGSAÐSTOÐ Í FORMI HEIMILDARGREIÐSLNA

Hér flokkast allar heimildargreiðslur samkvæmt IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

#### 02 15 STUÐNINGSPJÓNUSTA

Hér flokkast öll útgjöld, s.s. launakostnaður starfsmanna, akstur, önnur aðkeypt þjónusta og tekjur af félagslegri stuðningsþjónustu samkvæmt VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

#### 02 16 NIÐURGREIÐSLA DVALARGJALDA

Hér flokkast kostnaður við niðurgreiðslu dvalargjalda fullorðinna á stofnunum o.þ.h.

#### 02 18 SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR

Hér flokkast sérstakur húsnæðisstuðningur skv. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

#### 02 19 ÖNNUR FÉLAGSLEG SAMHJÁLP

Hér flokkast annar kostnaður en talinn er upp hér að ofan.

#### 02 3 ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA (BARNAVERND)

Hér flokkast og greinist allur kostnaður vegna barnaverndarnefndar og ráðstafana barnaverndaryfirvalda, þ.e. kostnaður vegna vistunar og fósturs barna utan heimilis, skipunar tilsjónarmanna með heimilum o.s.frv., sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 með síðari breytingum og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

#### 02 31 KOSTNAÐUR VEGNA BARNAVERNDARNEFNDAR

Hér flokkast allur kostnaður sem til fellur vegna starfa barnaverndarnefndar s.s. launakostnaður til nefndarmanna vegna setu á fundum og ferðakostnaður/akstur (bifreiðastyrkir) nefndarmanna á fundi, fargjöld og dvalarkostnaður, lögfræðiaðstoð og málskostnaður. Allur launakostnaður og ferðakostnaður starfsmanna. Önnur aðkeypt þjónusta.

#### 02 32 KOSTNAÐUR VEGNA VISTUNAR UTAN HEIMILIS

Kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis í sérstök úrræði, þ.e. stofnun og/eða vistheimili, skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 02 33 KOSTNAÐUR VEGNA FÓSTURS UTAN HEIMILIS

Hér fellur til allur kostnaður vegna vistunar barns utan heimilis skv. 65. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um fósturráðstöfun og reglugerð um fóstur nr. 804/2004. Sjá jafnframt reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013.

#### 02 34 KOSTNAÐUR VEGNA ÚRRÆÐA Á HEIMILI

Hér fellur til kostnaður vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 652/2004, m.a. í formi tilsjónaraðila, persónulegs ráðgjafa og almennra stuðningsúrræða.

**02 35 ANNAÐ**

Hér fellur til m.a. kostnaður vegna úrræða utan heimilis svo sem vegna stuðningsfjölskyldna og sumardvalar, sbr. reglugerð um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga nr. 652/2004.

**02 4 ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA**

Hér flokkast útgjöld samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingum og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, þ.e. heimaþjónustu við aldraða og tómstundastarfs aldraðra. Hér eru einnig flokkuð óafturkræf framlög til byggingar eða rekstrar dvalarheimila og íbúða fyrir aldraða.

**02 41 FRAMLAG TIL DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILA**

Hér flokkast framlög til dvalar- og hjúkrunarheimila sem rekin eru á grundvelli 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

**02 42 HEIMAÞJÓNUSTA**

Hér fellur til allur kostnaður vegna félagslegrar heimaþjónustu, s.s. launa- og ferðakostnaður, bifreiðastyrkir og þess háttar, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum og lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingum.

**02 43 TÓMSTUNDASTARF**

Hér fellur til allur kostnaður vegna tómstundastarfs aldraðra, s.s. launa- og ferðakostnaður, bifreiðastyrkir, kostnaður vegna húsnæðis og þess háttar, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

**02 44 FRAMLAG TIL DAGDVALAR**

Hér flokkast framlög til dagdvalar aldraðra.

**02 45 AKSTURSPJÓNUSTA**

Hér fellur til allur kostnaður vegna akstursþjónustu, s.s. laun og launatengd gjöld bílstjóra, rekstrarkostnaður bifreiðar o.s.frv.

**02 49 ANNAÐ**

Hér fellur til annar kostnaður ótalinn hér að framan, s.s. lækkun fasteignagjalda tekjulágra aldraðra einstaklinga.

**02 5 ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK**

Hér flokkast kostnaður vegna þjónustu við fatlað fólk. Ef þjónustustofnun er rekin sem sjálfstæð rekstrareining flokkast hún meðal B-hluta fyrirtækja.

**02 51 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður vegna yfirstjórnar og annar kostnaður sem ekki verður sérgreindur á eftirtalda þjónustuþætti sem snúa að fötluðu fólki sérstaklega. Hér flokkast einnig reiknuð hlutdeild í rekstri á 05 0 *Sameiginlegir liðir*.

**02 52 STOÐÞJÓNUSTA UTAN HEIMILIS**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 8. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**02 53 STOÐÞJÓNUSTA INNAN HEIMILIS**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 8. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, inni á heimili notenda.

**02 54 AKSTURSPJÓNUSTA**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

**02 55 NOTENDASAMNINGAR, Þ.M.T. NPA**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til hjá sveitarfélagi vegna notendasamninga, þ.m.t. beiðgreiðslusamningar og NPA samningar.

**02 56 BÚSETA**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 9. og 21. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**02 57 SKAMMTÍMADVÖL**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**02 58 DAGPJÓNUSTA**

Hér flokkast kostnaður sem fellur til skv. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**02 59 ÖNNUR ÞJÓNUSTA**

Hér flokkast önnur þjónusta eða kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks en talin hefur verið upp hér að framan.

**02 6 ÝMIS FÉLAGSPJÓNUSTA**

Hér skal m.a. flokka og greina kostnað af aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavarnir samkvæmt XIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og kostnað af jafnréttismálum, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 með síðari breytingum.

**02 7 ÝMIS LÖGBUNDIN FRAMLÖG**

Hér eru flokkuð lögbundin framlög s.s. vegna orlofs húsmæðra.

**02 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG**

Hér flokkast styrkir til félaga og samtaka sem hafa lýðhjálp hvers konar á stefnuskrá sinni, t.d. mæðrastyrksnefnd, S.Á.Á. og fleira þ.h.

**03 HEILBRIGÐISMÁL****03 21 HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR**

Hér flokkast framlög til heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

**03 22 HEILBRIGÐISEFTIRLIT**

Hér flokkast tekjur og gjöld vegna heilbrigðiseftirlits og framlög sveitarfélags til byggðasamlags um rekstur heilbrigðiseftirlits.

**03 29 ANNAD****04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL**

Hér flokkast allur kostnaður við fræðslustarfsemi sveitarfélagsins, þar með talinn leikskóla- og dagvistarkostnaður. Hér flokkast allur kostnaður við rekstur skólaskrifstofu, leikskólaskrifstofu, skrifstofu fræðslustjóra, grunnskóla, skólalagheimila, leikskóla, svo og kostnaður við tónlistarfræðslu og aðra fræðslustarfsemi. Hér flokkast einnig kostnaður vegna umferðarskólans „Ungir vegfarendur“. Kostnaður við rekstur vinnuskóla flokkast á málaflokk *06 Æskulýðs- og íþróttamál*.

Kostnað og tekjur skal flokka og greina á eftirfarandi rekstrareiningar:

**04 0 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR**

Hér færirst allur sameiginlegur kostnaður vegna málaflokksins, þ.e. bæði leik- og grunnskólastigs, s.s. kostnaður vegna fræðslunefnda, skólaskrifstofu og aðrir sameiginlegir liðir sem ekki verða flokkaðir annars staðar.

**04 01 SKÓLASKRIFSTOFA**

Hér flokkast rekstur og framlög til skólaskrifstofu.

**04 09 AÐRIR SAMEIGINLEGIR LIÐIR****04 1 LEIKSKÓLAR OG DAGVISTUN**

Hér skal flokka allan kostnað og tekjur af rekstri leikskóla og dagvistarstofnana sveitarfélaga og framlög til rekstrar dagsvistarstofnana annarra aðila. Hér flokkast einnig kostnaður vegna dagvistunar í heimahúsum (dagmæður) og rekstur gæsluvalla. Sundurliða skal kostnað á rekstrareiningar með eftirfarandi hætti:

**04 11 LEIKSKÓLAR**

Hér skal flokka kostnað við rekstur leikskóla og þjónustugjöld sem innheimt eru á móti kostnaði, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008 með síðari breytingum og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Greina skal á milli leikskóla og flokka hvern leikskóla sem sjálfstæða rekstrareiningu. Stofna skal sérstakar rekstrareiningar fyrir hvern leikskóla í einkaframkvæmd. Sé leikskóli samrekinn með grunnskóla skal aðgreina kostnað sameiginlegrar stofnunar eftir skólastigum. Hlutfalla skal kostnað t.d. eftir fjölda leikskólabarna eða stöðugildafjölda, gefi bókhaldsgögn ekki færi á öðru.

04 1101 Leikskóli 1

04 1102 Leikskóli 2

04 1103 Leikskóli 3

04 1104 Leikskóli 4 o.s.frv.

**04 16 FRAMLÖG TIL REKSTRAR LEIKSKÓLA Í ÖÐRUM SVEITARFÉLÖGUM**

Hér skal flokka framlög sveitarfélags til rekstrar leikskóla í öðru sveitarfélagi. Átt er við framlög vegna barna sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu en sækja leikskóla í öðru sveitarfélagi.

**04 17 DAGVISTUN Í HEIMAHÚSUM**

Hér skal flokka framlög og niðurgreiðslur sveitarfélags vegna dagvistunar barna í heimahúsum eða hjá dagmæðrum.

**04 18 GÆSLUVELLIR**

Hér skal flokka kostnað við rekstur gæsluvalla.

**04 19 ANNAR LEIKSKÓLA- OG DAGVISTUNARKOSTNAÐUR**

Annar kostnaður ótalin áður.

**04 2 GRUNNSKÓLAR**

Hér skal flokka allan rekstrarkostnað við rekstur grunnskóla, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum, þ.m.t. kostnað við skólanefnd sem flokkast á sameiginlega liði og skólaakstur sem flokkast á hvern skóla fyrir sig. Öll framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna rekstrar grunnskóla eru færð á *00 1 Framlög úr jöfnunarsjóði*. Greina skal og sundurliða kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:



**04 21 GRUNNSKÓLAR**

Hér skal flokka kostnað við rekstur grunnskóla, þ.m.t. skólaakstur og mótuneyti. Greina skal á milli grunnskóla og flokka hvern grunnskóla sem sjálfstæða rekstrareiningu. Stofna skal sérstakar rekstrareiningar fyrir hvern grunnskóla í einkaframkvæmd. Sé grunnskóli samrekinn með leikskóla skal aðgreina kostnað sameiginlegrar stofnunar eftir skólastigum. Hlutfalla skal kostnað t.d. eftir nemendafjölda eða stöðugildafjölda, gefi bókhaldsgögn ekki færi á öðru.

04 2101 Grunnskóli 1

04 2102 Grunnskóli 2

04 2103 Grunnskóli 3

**04 26 FRAMLÖG TIL REKSTRAR GRUNNSKÓLA Í ÖÐRUM SVEITARFÉLÖGUM**

Hér skal flokka framlög sveitarfélags til rekstrar grunnskóla í öðru sveitarfélagi. Átt er við framlög vegna barna sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu en sækja grunnskóla í öðru sveitarfélagi.

**04 28 FRÍSTUNDASTARF**

Hér skal flokka allan kostnað vegna frístundastarfs að loknum skóladegi.

**04 29 ANNAR GRUNNSKÓLAKOSTNAÐUR**

Annar kostnaður ótalinn áður.

**04 4 FRAMHALDSSKÓLAR**

Stofnkostnaður eða afskrift stofnkostnaðar vegna bygginga og búnaðar framhaldsskóla og heima-  
vista við þá flokkast hér. Þá flokkast hér einnig ferðastyrkir til nemenda í framhaldsskólum.

**04 5 ÖNNUR FRÆÐSLUSTARFSEMI**

Hér flokkast ýmiss kostnaður við aðra fræðslustarfsemi sveitarfélags eða framlög til hennar. Flokkun er eftirfarandi:

**04 51 TÓNLISTARSKÓLI**

Hér flokkast kostnaður við rekstur tónlistarskóla og framlög sveitarfélags til rekstrar tónlistarskóla annarra. Greina skal á milli tónlistarskóla og flokka hvern tónlistarskóla sem sjálfstæða rekstrareiningu samkvæmt.

05 5101 Tónlistarskóli 1

05 5102 Tónlistarskóli 2

05 5103 Tónlistarskóli 3

05 5104 Tónlistarskóli 4 o.s.frv.

**04 52 UMFERÐARSKÓLINN „UNGIR VEGFARENDUR“**

Hér skal flokka framlög til umferðarskólans „Ungir vegfarendur“.

**04 59 AÐRIR SKÓLAR OG FRÆÐSLUSTARFSEMI**

Hér flokkast kostnaður og framlög sveitarfélags vegna fullorðinsfræðslu, nýbúafræðslu fullorðinna, fræðsluneta, námsflokka og fleira þ.h.

**04 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG**

Hér flokkast ýmsir styrkir og framlög sem teljast til fræðslu- og uppeldismála, en verða ekki flokkaðir með öðrum rekstrareiningum.

**05 MENNINGARMÁL**

Á málaflokkinn flokkast allur kostnaður og framlög sveitarfélags vegna menningarmála, svo sem safna, menningarhúsa, söguritunar, hátíðarhalda og fleira þ.h. Þá flokkast hér framlög til kirkjubygginga.

Sundurliða skal menningarmál á eftirfarandi rekstrareiningar:

**05 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður vegna menningarmálanefndar, menningarfulltrúa og annar sameiginlegur kostnaður vegna menningarmála.

**05 2 BÓKASÖFN**

Hér flokkast rekstur bókasafna annarra en skólabókasafna, en þau falla undir rekstur skóla undir málaflokki *04 Fræðslu- og uppeldismál*. Hér flokkast einnig framlög til héraðsbókasafna og byggðasamlaga um bókasöfn. Kostnaður við bókakaup flokkast til gjalda hér.

Þegar um sameiginlegt skólabókasafn og almenningsbókasafn er að ræða, skal leggja mat á það hvor þátturinn í starfsemi safnsins er viðameiri. Ef skólabókasafnsþátturinn er stærri skal flokka rekstrarkostnað safnsins á viðkomandi skóla.

Bygging og rekstur húsnæðis er verkefni eignasjóðs, sem gerir reikning fyrir þeim húsnæðiskostnaði sem rekstrareiningunni ber að standa undir.

**05 3 ÖNNUR SÖFN**

Hér skal flokka kostnað við rekstur skjalasafna, minjasafna margs konar, náttúrugripasafna og annarra safna, sem rekin eru af sveitarfélögum eða byggðasamlögum sveitarfélaga.

**05 4 BYGGÐASAGA**

Hér flokkast kostnaður sveitarfélags við ritun og skráningu á sögu sveitarfélagsins eða öðrum sagnfræði- og menningarsögulegum fróðleik. Hér flokkast einnig kostnaður af örnefnaskráningu og fornleifarannsóknunum, sem ekki eru gerðar í sambandi við skipulagsáætlanagerð.

**05 5 LISTIR**

Hér flokkast kostnaður vegna listsýninga hvers konar, listaverkakaupa, rekstur listasafna, leikhúsa og tónlistarhúsa. Hér flokkast einnig kostnaður sveitarfélags af bæjarlistamanni.

**05 6 MENNINGARHÚS – FÉLAGSHEIMILI**

Hér flokkast kostnaður við rekstur menningarhúsa og félagsheimila, ef rekstur þeirra fellur að mestu leyti undir menningarmál.

**05 7 HÁTÍÐARHÖLD**

Hér flokkast kostnaður vegna hátíðarhalda, svo sem þjóðhátíðar 17. júní, afmælishátíðar sveitarfélags, sumar- og Jónsmessuhátíðar, kostnaður við áramóta- og þrettándabrennur og annarra hátíða á vegum sveitarfélags.

**05 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG**

Hér flokkast styrkir til félaga og samtaka sem hafa menningarmál á stefnuskrá sinni svo sem leikfélög, tónlistarfélög, lista- og menningarsjóðir og kórar. Hér flokkast einnig framlag til kirkjubygginga. Kostnaður sveitarfélags vegna kirkjugarðs flokkast á rekstrareininguna *11 2 Almenningsgarðar*.

**06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL**

Hér flokkast kostnaður við tómstundastarf barna og unglinga, rekstur félagsmiðstöðva og æskulýðsheimila, íþróttasvæða, íþróttahúsa og sundlauga, skautahalla og fleira þ.h. Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga flokkast einnig hér. Hér flokkast jafnframt kostnaður við vinnuskóla, leikvelli og sparkvelli.

Flokka skal starfsemi sem fellur undir málaflokkinn á eftirfarandi rekstrareiningar:

**06 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður vegna æskulýðs- og íþróttanefnda, laun og rekstrarkostnaður vegna æskulýðs- og íþróttafulltrúa og annar sameiginlegur kostnaður málaflokksins.

**06 1 LEIKVELLIR**

Hér flokkast kostnaður við leikvelli og sparkvelli. Útgjöld og tekjur vegna gæsluvalla flokkast aftur á móti á rekstrareininguna *04 18 Gæsluvellir*.

**06 2 ÆSKULÝÐSMÁL**

Hér flokkast kostnaður vegna tómstundastarfs barna og unglinga, svo sem ýmis konar sumarnámskeið og skólagarðar. Þá flokkast hér einnig kostnaður við vinnuskóla unglinga, en kostnaði er dreift út á aðra málaflokka og rekstrareiningar með þjónustureikningi. Greina skal kostnað á eftirfarandi hátt:

**06 3 FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR**

Hér flokkast rekstrarkostnaður æskulýðsheimila og félagsmiðstöðva.

**06 5 ÍPRÓTTAHÚS OG SUNDLAUGAR**

Hér flokkast kostnaður við rekstur íþróttahúsa og sundlauga, hvort sem þau teljast til skólamannvirkja eða ekki. Greina skal kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

**06 51 ÍPRÓTTAHÚS**

Hér flokkast allur kostnaður við rekstur íþróttahúsa. Hvert íþróttahús skal vera sjálfstæð rekstrareining. Séu íþróttahús og sundlaug sambyggð skal flokka og greina kostnað á milli íþróttahúss og sundlaugar.

06 5101 Íþróttahús 1

06 5102 Íþróttahús 2

06 5103 Íþróttahús 3 o.s.frv.

**06 55 SUNDLAUGAR**

Hér flokkast allur kostnaður við rekstur sundlauga. Hver sundlaug skal vera sjálfstæð rekstrareining. Séu íþróttahús og sundlaug sambyggð skal flokka og greina kostnað á milli íþróttahúss og sundlaugar.

06 5501 Sundlaug 1

06 5502 Sundlaug 2

06 5503 Sundlaug 3 o.s.frv.

**06 59 ÖNNUR ÍPRÓTTAMANNVIRKI**

Hér flokkast önnur íþróttamannvirki en að ofan greinir, t.d. skautahallir.

**06 6 ÍPRÓTTASVÆÐI**

Hér flokkast rekstur íþróttasvæða, svo sem íþrótt- og boltavalla, golfvalla og skíðasvæða.

**06 8 STYRKIR TIL ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁLA**

Hér eru færðir styrkir til félaga og samtaka sem hafa æskulýðs- og íþróttamál á stefnuskrá sinni.

**07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR**

Hér flokkast allur rekstrarkostnaður vegna bruna- og almannavarna hjá sveitarfélaginu. Rekstur slökkvistöðvar eða þátttaka í slíkum kostnaði með öðrum sveitarfélögum flokkast á þennan málaflokk,

svo og útlagður kostnaður vegna náttúruhamfara og kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í snjóflóðavörnum og sjóvörnum.

Sundurliða skal kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

#### 07 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR

Hér flokkast ýmiss konar sameiginlegur kostnaður við bruna- og almannavarnir sem ekki verður flokkaður eða greindur á aðrar rekstrareiningar.

#### 07 2 BRUNAVARNIR

Hér flokkast rekstrarkostnaður slökkviliðs og slökkvibíla svo og eldvarnaeftirlit, slökkvitækjaþjónusta, brunahanar og fleira þ.h.

#### 07 4 ALMANNAVARNIR OG ÖRYGGISMÁL

Hér flokkast kostnaður af almannavörnum, svo sem kostnaður vegna náttúruhamfara og rekstur og fjárfestingar vegna stjórnstöðvar almannavarna. Hér flokkast einnig kostnaðarhlutur sveitarfélags í snjóflóðavörnum og vörnum gegn skriðuföllum, sbr. ákvæði laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum með síðari breytingum, og kostnaðarhlutur sveitarfélags í sjóvarnagörðum, sbr. ákvæði laga nr. 28/1997 um sjóvarnir með síðari breytingum. Þá flokkast hér einnig kostnaður sveitarfélags vegna jarðskjálftavarna.

Hér flokkast stofnkostnaður eða afskrift stofnkostnaðar sveitarfélaga við snjóflóða- og skriðufallavarnir, sbr. 13. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum með síðari breytingum. Einnig stofnkostnaður eða afskrift stofnkostnaðar sveitarfélaga við sjóvarnir, skv. 7. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir með síðari breytingum.

#### 07 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG

Hér flokkast styrkir til félaga og samtaka sem hafa slysavarnir og hjálparstörf á stefnuskrá sinni.

#### 08 HREINLÆTISMÁL

##### 08 0 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Hér flokkast ýmiss konar sameiginlegur kostnaður við hreinlætismál, sem ekki verður flokkaður eða greindur á aðrar rekstrareiningar.

##### 08 2 SORPHREINSUN OG SORPEYÐING

Hér flokkast tekjur og gjöld vegna sorpeyðingar og sorphreinsunar.

Sveitarfélögum er heimilt að fella þennan kostnað undir B-hluta sveitarfélagsins þar sem þessi þjónustueining hefur heimild til innheimtu þjónustugjalda til þess að standa undir útgjöldum við rekstur og fjárfestingar.

##### 08 5 MEINDÝRAEYÐING OG DÝRAEFTIRLIT

Hér flokkast tekjur og kostnaður við dýraeftirlit í þéttbýlissveitarfélögum, svo sem vegna katta og hundahalds. Hér flokkast kostnaður við meindýraeyðingu, svo sem eitrun fyrir rottur og vargfugla-dráp. Minka- og refaeyðing flokkast á rekstrareininguna *11 7 Minka- og refaeyðing*.

##### 08 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG

#### 09 SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Hér flokkast kostnaður vegna byggingarnefndar, skipulagsnefndar og rekstur skrifstofu byggingarfulltrúa, tæknifræðings, verkfræðings, skipulagsskrifstofu og lóðaskráningar. Hér flokkast einnig kostnaður við landmælingar, kortagerð, bæja- og húsakannanir, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og lög um mannvirki nr. 160/2010, og fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsáætlanir, skv. 2. mgr. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Þá flokkast hér allur kostnaður við gerð skipulagsáætlana, þ.e. vegna svæðisskipulags, aðal- skipulags og deiliskipulags. Hlutdeild sveitarfélags í skipulagsgjaldi vegna vinnu við gerð svæðis og aðalskipulags skal flokka á málaflokkinn sem tekjur á viðkomandi rekstrareiningar.

Byggingarleyfis- og úttektargjöld flokkast sem tekjur á þennan málaflokk á móti kostnaði við byggingareftirlit.

Greina skal starfsemisþættina á eftirfarandi rekstrareiningar:

#### 09 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR

Hér flokkast ýmis sameiginlegur kostnaður við málaflokkinn, svo sem skrifstofa verkfræðings eða tæknifræðings (tæknideild) sem sér um verkefni sem falla undir málaflokkinn.

#### 09 1 MÆLINGAR, SKRÁNING OG KORTAGERÐ

Hér flokkast kostnaður vegna landmælinga, loftmynda og kortagerðar. Einnig kostnaður við fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsgerð, sbr. 2. mgr. 11. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001, og kostnaður við gerð bæja- og húsakönnunar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og lög um mannvirki nr. 160/2010.

#### 09 2 SKIPULAGSMÁL OG BYGGINGAREFTIRLIT

Hér flokkast kostnaður við gerð svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags og annar kostnaður vegna skipulags, svo sem kaup á eignum sem eru fyrir í skipulagi.

Einnig kostnaður vegna byggingarnefndar, byggingarfulltrúaembættis og byggingareftirlits. Byggingarleyfis- og úttektargjöld, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 með síðari breytingum og lög um mannvirki nr. 160/2010, skal flokka hér sem tekjur á móti kostnaði við byggingareftirlit á tegunda- greininguna *02 Þjónustugjöld*.

#### 09 7 LÓÐIR OG LENDUR

Samkvæmt leiðbeiningum reikningsskila- og upplýsinganefndar um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga skulu kaup á landi eignfærð. Eignarhald skal vera í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir landið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur af fjármagnskostnaði auk umsýslukostnaðar og skal flokka og greina leiguna hér. Annað land sem er í eigu sveitarfélags skal ekki eignfært.

#### 09 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG

Hér flokkast ýmsir styrkir og framlög vegna skipulagsmála og mannvirkjamála, sem ekki verða færðir á aðrar rekstrareiningar málaflokksins.

### 10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Hér flokkast kostnaður vegna gatnakerfis og umferðarmála. Hér má nefna viðhald og rekstur gatna, götulýsingu, umferðar- og gatnamerkingar, gangstíga og gangbrautir, reiðvegi, snjómokstur og hálkueyðingu.

Flokka skal og greina tekjur og útgjöld á eftirfarandi rekstrareiningar:

#### 10 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR

Hér flokkast ýmis sameiginlegur kostnaður málaflokksins, eins og t.d. kostnaður við umferðar- nefnd og hér er einnig færður verkfræðilegur undirbúningur, sem ekki verður heimfærður á einstök verk eða einstakar rekstrareiningar.

#### 10 3 VIÐHALD OG REKSTUR GATNAKERFIS

Hér flokkast allur kostnaður vegna viðhalds gatnakerfis og sá hluti endurgreiðslu Vegagerðar- innar vegna veghalds í þéttbýli sem tilheyrir viðhaldi gatnakerfis flokkast hér sem tekjur.

#### 10 4 GANGBRAUTIR, HJÓLREIÐASTÍGAR OG REIÐVEGIR

Hér flokkast kostnaður við gerð þessara þátta, viðhald þeirra og rekstur.

**10 5 UMFERÐARÖRYGGISMÁL**

Hér flokkast kostnaður við umferðarmerkingar, umferðarljós, götunöfn og húsnúmer svo og götulyngu. Einnig kostnaður við umferðarnefnd, ef kostnaður við hana er ekki færður á sameiginlegan kostnað málaflokksins. Þá flokkast sem tekjur á rekstrareininguna sá hluti endurgreiðslu Vegagerðarinnar sem er vegna veghalds í þéttbýli.

**10 6 SNJÓMOKSTUR OG HÁLKUEYÐING**

Hér flokkast allur kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu og sá hluti endurgreiðslu Vegagerðarinnar sem er vegna veghalds í þéttbýli sem tengist snjómokstri og hálkueyðingu.

**10 7 SAMGÖNGUMÁL**

Hér skal m.a. flokka framlög sveitarfélags til almenningsgangna og rekstrarframlög til almenningsgangnafyrirtækis í B-hluta sveitarfélagsins.

**10 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG****11 UMHVERFISMÁL**

Hér flokkast kostnaður vegna, Staðardagskrár 21, garðyrkjudeildar og annar sameiginlegur kostnaður vegna umhverfismála. Af viðfangsefnum sem flokkast á málaflokkinn má nefna almenningsgarða, útivistarsvæði önnur en íþróttasvæði, opin svæði, torg og umhverfi gatna, þ.m.t. hreinsun gatna og lóða. Hér flokkast einnig kostnaður við refa- og minkaeyðingu. Þá flokkast hér einnig kostnaður vegna útiskreytinga um jól og áramót svo og vegna annarra hátíðaskreytinga. Á málaflokkinn flokkast styrkir og framlög til félaga og samtaka sem sinna umhverfismálum, svo sem skógræktarfélag, landgræðslufélag og fleira þ.h.

Greina skal starfsemisþætti á eftirfarandi rekstrareiningar:

**11 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður vegna umhverfisnefndar og rekstur embættis garðyrkjustjóra/umhverfisstjóra. Þá flokkast hér kostnaður og framlög vegna umhverfisránnsóknar og verkefnisins Staðardagskrá 21.

**11 2 ALMENNINGSGARÐAR**

Hér flokkast rekstur skrudgarða og annarra almenningsgarða, svo og framlög sveitarfélags til kirkjugarðs og framkvæmda við hann, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu með síðari breytingum.

**11 3 ÚTIVISTARSVÆÐI**

Hér flokkast kostnaður vegna útivistarsvæða sem ekki falla undir íþróttasvæði, svo sem fólkvangar, friðlönd og skógræktargirðingar.

**11 31 SKÓGRÆKTARSVÆÐI****11 39 ANNAD****11 4 OPIN SVÆÐI**

Hér flokkast kostnaður vegna opinna svæða sem ekki eru skipulögð sem útivistarsvæði, svo sem hreinsun opinna svæða, kostnaður við garðlönd og girðingu þéttbýlis og fleira þ.h.

**11 5 UMHVERFI GATNA OG TORG**

Hér flokkast kostnaður vegna umhirðu gatna, götueyja og grænna svæða umhverfis götur eða torg, götusópun o.þ.h.

**11 6 SKREYTINGAR**

Hér flokkast kostnaður vegna skreytinga t.d. um jól og áramót.

**11 7 MINKA- OG REFAEYÐING**

Hér flokkast kostnaður sveitarfélags af minka- og refaeyðingu. Greiðsla veiðistjóraembættisins flokkast á móti kostnaði sem tekjur á tegundagreiðinguna 089 Endurgreiðslur annarra.

**11 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG**

Hér flokkast ýmsir styrkir og framlög til aðila sem sinna umhverfismálum.

**13 ATVINNUMÁL**

Hér flokkast ýmis kostnaður vegna atvinnumála í sveitarfélaginu. Sem dæmi má nefna fjallskil, sauðfjárveikivarnir og styrki sem beinlínis eru vegna atvinnuuppbyggingar. Einnig flokkast hér kostnaðar við uppbyggingu ferðamannaþjónustu í sveitarfélaginu, t.d. kostnaður við uppbyggingu og rekstur tjaldsvæða og almenningsalerna.

Greina skal kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

**13 0 SAMEIGINLEGIR LIÐIR**

Hér flokkast kostnaður við nefndarstörf eða önnur útgjöld sem varða málaflokkinn í heild. Sem dæmi má nefna kostnað vegna átaks í atvinnumálum og kostnað vegna atvinnuþróunar.

**13 2 LANDBÚNAÐUR**

Hér flokkast kostnaður við fjallskil, þ.m.t. fjallskilanevnd, fjárveikivarnir og afréttargirðingar. Þá flokkast hér tekjur af leyfisgjöldum vegna búfjárhalds í þeim sveitarfélögum þar sem búfjárhald er óheimilt án leyfis, sbr. lög um búfjárhald nr. 103/2002 með síðari breytingum.

**13 4 IÐNAÐUR**

Hér flokkast kostnaður og framlög sveitarfélags vegna iðnaðar.

**13 5 FISKELDI OG ÚTGERÐ**

Hér flokkast kostnaður og framlög sveitarfélags vegna fiskeldis og útgerðar.

**13 6 FERÐAMÁL**

Hér flokkast kostnaður sveitarfélagsins við uppbyggingu á ferðamannaþjónustu svo sem rekstur tjaldsvæða og almenningsalerna, upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn og kostnaður við embætti ferðamálafulltrúa.

**13 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG****20 FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA**

Hér færast framlög úr aðalsjóði til B-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Þau eru greidd þegar viðkomandi B-hluta fyrirtæki er rekið með halla og þarf framlög úr aðalsjóði til að reksturinn standi undir sér.

20 61 HAFNARSJÓÐUR

20 67 VEITUR

20 71 FÉLAGSLEGT ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

20 77 FÉLAGSLEGAR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

20 89 AÐRAR B-HLUTA STOFNANIR

## 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Sameiginlegan rekstrarkostnað aðalsjóðs, þ.e. kostnaður sem ekki telst til beins rekstrarkostnaðar einstakra rekstrareininga aðalsjóðs, skal færa á þennan málaflokk. Til frádráttar skal flokka á málaflokkinn reikninga sem gerðir eru vegna hlutdeildar rekstrareininga með sjálfstætt reikningshald, þ.e. rekstrareininga utan aðalsjóðs, í sameiginlegum rekstrarkostnaði. Reikningar þessir skulu ekki vera hærri en sem nemur kostnaðarverði og skulu þeir færðir í bókhaldi viðkomandi rekstrareiningar með reglubundnum hætti innan reikningsársins.

Ef um er að ræða þátttöku eigin fyrirtækja og stofnana í stjórnunarkostnaði, er hlutdeild þeirra færð til frádráttar á rekstrarkostnaði skrifstofu sveitarfélagsins.

Á þennan málaflokk er flokkaður allur kostnaður við sameiginlega yfirstjórn sveitarfélagsins, svo sem sveitarstjórn, endurskoðun, rekstur skrifstofa og ráðhúss, samstarf sveitarfélaga og kosningar. Hér flokkast einnig kostnaður við nefndir sem ekki verða heimfærðar undir aðra málaflokka og kostnaður við sameiningu sveitarfélaga. Jafnframt kostnaður við móttöku gesta, risnu og kynningarmál, sem ekki verður greindur á aðra málaflokka.

Flokka skal og greina málaflokkinn á eftirfarandi hátt:

### 21 0 YFIRSTJÓRN

Hér flokkast sameiginlegur kostnaður við yfirstjórn sveitarfélagsins, s.s. kostnaður við sveitarstjórn, þ.e. þóknun fyrir setu í sveitarstjórn, ferðakostnaður vegna sveitarstjórnarfunda og önnur útgjöld sem beint tengjast sveitarstjórninni, svo sem vegna byggðarráðs. Þá flokkast hér einnig kostnaður vegna ráðstefna og funda sem sveitarstjórnarmenn sækja á vegum sveitarfélagsins, þ.e. kostnaður vegna ferða, upphalds og þáttökugjalda. Hér flokkast einnig kostnaður af nefndum, sem kosnar eru af sveitarstjórn til ákveðinna verkefna en ekki falla undir ákveðna málaflokka innan sveitarfélagsins.

### 21 1 KOSNINGAR

Hér flokkast kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga, Alþingiskosninga, forsetakosninga og annarra kosninga eða skoðanakannana sem fram fara á vegum sveitarfélagsins.

Greina skal kostnað á eftirfarandi rekstrareiningar:

#### 21 11 SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

#### 21 15 ALÞINGIS- OG FORSETAKOSNINGAR

#### 21 19 AÐRAR ATKVÆÐAGREIÐSLUR

### 21 2 SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Hér flokkast útgjöld vegna sameiningar sveitarfélaga. Hér flokkast allur kostnaður við sameiningarnefnd, ráðgjöf og kynningarmál og einnig kostnaður við atkvæðagreiðslur um sameiningartillögu.

### 21 3 ÓNOTAÐAR EIGNIR

Hér flokkast innri leiga frá eignasjóði vegna húsnæðis sem ekki er notað og stendur því autt. Dæmi um slíkt gæti verið skólahúsnæði sem stendur autt í kjölfar sameiningar skóla eða vegna samrekstrar skóla. Eðlilegt er að eignasjóður innheimti leigu af aðalsjóði vegna viðkomandi húsnæðis, enda er ekki ætlast til að eignasjóður beri kostnað af slíku húsnæði.

### 21 4 SKRIFSTOFUR SVEITARFÉLAGSINS

Hér flokkast allur rekstrarkostnaður vegna skrifstofa sveitarfélagsins og framkvæmdastjórnar þess. Reiknuð hlutdeild eigin fyrirtækja og stofnana í stjórnunarkostnaði flokkast hér til frádráttar rekstrarkostnaði.



**21 5 RISNA, MÓTTÖKUR OG KYNNINGARMÁL**

Hér flokkast allur kostnaður við móttökur gesta og risnu, sem ekki verður heimfærður upp á aðra málaflokka og deildir. Þá er hér færður kostnaður við kynningarmál, upplýsingavef (heimasíðu) og fréttabréf.

**21 6 STARFSMANNAKOSTNAÐUR**

Hér flokkast t.d. kostnaður við kjarasamningagerð og framlög til launanefndar sveitarfélaga.

**21 7 SAMSTARF SVEITARFÉLAGA**

Hér flokkast allur kostnaður vegna samstarfs við önnur sveitarfélög svo sem vegna þátttöku í landshlutasamtökum og héraðsnefndum. Framlag til héraðsnefndar skal sundurliða og flokka á viðkomandi málaflokka og rekstrareiningar og flokkast því hér eingöngu kostnaður við stjórn héraðsnefndarinnar og annar héraðsnefndarkostnaður sem ekki verður sundurliðaður á aðra málaflokka og rekstrareiningar. Rekstrarframlög sveitarfélags til byggðasamlags flokkast á viðkomandi málaflokk. Þá flokkast hér kostnaður af vinabæjasamskiptum, sem ekki flokkast á aðra málaflokka eða rekstrareiningar.

**21 8 ÝMSIR STYRKIR OG FRAMLÖG**

Hér flokkast ýmsir styrkir og framlög sem ekki verða heimfærðir á aðra málaflokka eða rekstrareiningar.

**22 BREYTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA**

Hér flokkast breyting lífeyrisskuldbindinga ársins.

**27 ÓREGLULEGIR LIÐIR**

Útgjöld eða tekjur sveitarfélaga sem ekki falla undir venjulegan rekstur þeirra skal sýna sem óreglulega liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Útgjöld eða tekjur eru skilgreind óreglulegur liður þegar eftirfarandi þrjú skilyrði eru öll uppfyllt:

1. Liðurinn er ekki í greinilegum tengslum við hefðbundna starfsemi sveitarfélagsins.
2. Liðurinn er þess eðlis að ekki er gert ráð fyrir að hann eigi sér stað oft eða með reglubundnum hætti.
3. Liðurinn felur í sér verulega fjárhæð með tilliti til rekstrarumfangs viðkomandi sveitarfélags.

Dæmi um óreglulega liði má nefna verulegan hagnað/tap af sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem ekki tengjast beint starfsemi sveitarfélags og verulegan hagnað/tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, enda sé um að ræða eignir sem óvenjulegt er að sveitarfélagið selji.

**28 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru ekki deildagreindir heldur færast allir á eina deild.

**2890 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD****9 EFNAHAGSREIKNINGUR AÐALSJÓÐS**

Efnahagsreikningur er ekki deildagreindur í rafrænum skilum. Allar færslur færast á deild 2900.

5. gr.

*A-hluta stofnanir.*

**A-HLUTA STOFNANIR**

Til A-hluta stofnana teljast eignasjóður og aðrar rekstrareiningar sem sveitarfélag kýs að reka sjálfstætt og falla undir lagalega skilgreiningu þess að geta talist til A-hluta. Greining skal vera á eftirfarandi rekstrareiningar:

**31 EIGNASJÓÐUR**

Hér flokkast eignasjóður.

3110 REKSTUR

3190 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

**32 EIGNASJÓÐUR – EFNAHAGUR**

Efnahagsreikningur er ekki deildagreindur í rafrænum skilum. Allar færslur færast á deild 3200.

**59 AÐRAR A-HLUTA STOFNANIR**

Hér flokkast aðrar A-hluta stofnanir.

5910 REKSTUR

5990 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

**60 AÐRAR A-HLUTA STOFNANIR – EFNAHAGUR**

Efnahagsreikningur er ekki deildagreindur í rafrænum skilum. Allar færslur færast á deild 6000.

6. gr.

*B-hluta fyrirtæki.*

**B-HLUTA FYRIRTÆKI**

Sú meginregla gildir að til B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til innheimtu þjónustugjalda til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum. Í undantekningartilvikum getur verið rétt að flokka rekstrareiningar frá B-hluta til A-hluta þegar um óverulega starfsemi og litla fjárbindingu í rekstrareiningunni er að ræða.

Rekstrarframlög aðalsjóðs sveitarfélaga til rekstrareininga í B-hluta skal flokka á málaflokk 20 innan aðalsjóðs.

Rekstrareiningar sveitarfélaga sem teljast til B-hluta eru m.a. hafnarsjóður, vatnsveita, rafveita, hitaveita, fráveita, sorphirða og sorpeyðing, íbúðarhúsnæði – leiguhúsnæði, almenningssamgöngur og félagslegar þjónustustofnanir.

Flokka skal og greina rekstur á eftirfarandi rekstrareiningar:

6100 HAFNARSJÓÐUR

6200 HAFNARSJÓÐUR – EFNAHAGUR

6300 VATNSVEITA 6400 VATNSVEITA – EFNAHAGUR

6500 RAFVEITA

6600 RAFVEITA – EFNAHAGUR

6700 HITAVEITA

6800 HITAVEITA – EFNAHAGUR

6900 FRÁVEITA

7000 FRÁVEITA – EFNAHAGUR

7100 FÉLAGSLEGT ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

7200 FÉLAGSLEGT ÍBÚÐARHÚSNÆÐI – EFNAHAGUR

7700 FÉLAGSLEGAR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

7800 FÉLAGSLEGAR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR – EFNAHAGUR

8900 AÐRAR B-HLUTA STOFNANIR

9000 AÐRAR B-HLUTA STOFNANIR – EFNAHAGUR

7. gr.

*Hagræn flokkun.*

### **GFS FLOKKUN TEKNA OG GJALDA**

Greining tekna og gjalda fyrir upplýsingagrunn byggir á GFS staðli (Government Finance Statistics). Greiningin skiptist í eftirfarandi flokka:

0 Tekjur.

1 Laun og launatengd gjöld.

2 Breyting lífeyrisskuldbindinga.

3 Annar rekstrarkostnaður.

4 Styrkir og annað.

5 Afskriftir.

6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.

7 Óreglulegir liðir.

Hér á eftir verður nánar fjallað um hvern flokk fyrir sig.

### **0 TEKJUR**

Tekjur greinast þannig:

#### **00 SKATTTEKJUR**

Hér flokkast álagningartekjur útsvars (staðgreiðsla) og fasteignaskatts ásamt breytingum á þeim innan ársins. Einnig niðurfærsla og afskriftir sömu tekna. Lækkun álagningar samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar til elli- og/eða örorkulífeyrisþega færast ekki hér heldur meðal gjalda í flokki 4.

Skatttekjur greinast á þessar tegundir:

0010 ÚTSVAR

0020 FASTEIGNASKATTUR

0090 AFSKRIFTIR OG NIÐURFÆRSLA

#### **01 FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA**

Hér flokkast framlög Jöfnunarsjóðs önnur en endurgreiðsla húsaleigubóta. Ekki er gerð krafa um greiningu þeirra eftir tegundum framlaga heldur flokkast þau öll á eina tegund:

0190 FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS

**02 ÞJÓNUSTUTEKJUR**

Hér flokkast allar tekjur af álögðum þjónustugjöldum, svo sem fasteignagjöld önnur en fasteignaskattur, leikskólagjöld, ýmiss konar leyfis- og eftirlitsgjöld og aðrar tekjur sem innheimtar eru samkvæmt gjaldskrá eða ákvörðun sveitarstjórnar.

**0210 ÞJÓNUSTUGJÖLD FASTEIGNA**

Hér flokkast vatnsskattur, holræsagjald, sorphreinsunargjald og sorpurðunargjald svo og önnur þau gjöld sem lögð eru á til að standa undir þjónustu við fasteignir.

**0230 TEKJUR AF LEYFISGJÖLDUM**

Hér flokkast leyfisgjöld hvers konar sem lögð eru á skv. gjaldskrá eða sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar.

**0240 TEKJUR AF EFTIRLITSGJÖLDUM**

Hér flokkast tekjur sem innheimtar eru skv. gjaldskrá eða taxa vegna lögboðins eftirlits af hálfu sveitarfélags eða fyrirtækja þess.

**0290 AÐRAR ÞJÓNUSTUTEKJUR**

Hér flokkast aðrar þjónustutekjur ótilgreindar áður.

**03 ARÐUR AF EIGNUM**

Hér flokkast allar tekjur frá þriðja aðila af eignum sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja svo sem húsaleiga, véla- og áhaldaleiga, landleiga og aðrar tekjur af eignarekstri. Innri tekjur, þ.e. viðskipti milli rekstrareininga flokkast á 05.

**0390 ARÐUR AF EIGNUM****04 TEKJUR MEÐ SKATTAÍGILDI**

Hér flokkast tekjur með skattaígildi s.s. lóðarleiga og byggingaréttur.

**0410 LÓÐARLEIGA**

Hér flokkast samningsbundnar tekjur af notkun lóða hvort sem þær eru innheimtar með fasteignagjöldum eða með öðrum hætti.

**0480 BYGGINGARÉTTUR****0490 ÖNNUR SKATTAÍGILDI**

Hér flokkast aðrar tekjur sem teljast skattaígildi.

**05 VÖRUR OG ÞJÓNUSTA TIL EIGIN NOTA**

Hér flokkast allar tekjur sem bókaðar eru vegna milliviðskipta rekstrareininga, s.s. innri leiga, reiknuð hlutdeild í rekstrarkostnaði eða afnotum, millifærð vinna þjónustumiðstöðvar o.s.frv. Ekki er gert ráð fyrir greiningu tekna eftir uppruna heldur eru þær allar færðar á eina greiningu:

**0510 MILLIVIÐSKIPTI REKSTRAREININGA****06 ENDURGREIÐSLUR OG TILFÆRSLUR**

Hér flokkast allar endurgreiðslur og tilfærslur frá aðilum utan sveitarfélagsins. Flokka og greina skal endurgreiðslur og tilfærslur á eftirfarandi hátt:

**0610 ENDURGREIÐSLUR ANNARRA SVEITARFÉLAGA****0620 ENDURGREIÐSLUR OG TILFÆRSLUR RÍKISSJÓÐS****0690 AÐRAR ENDURGREIÐSLUR/TILFÆRSLUR**

**07 AÐRAR TEKJUR**

Hér flokkast aðrar tekjur af rekstri sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra sem ekki hafa verið flokkaðar hér að framan. Stærstu liðirnir í þessum flokki er sala á vöru og vinnu til þriðja aðila og styrkir og framlög frá félögum, samtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum.

**0710 STYRKIR OG FRAMLÖG**

Styrkir og framlög frá félögum, samtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum. Þessar tekjur eru venjulega bundnar ákveðnum verkefnum.

**0720 SELDAR VÖRUR OG VINNA**

Hér flokkast vörusala og tekjur af seldri vinnu til þriðja aðila hvort heldur er vinna manna eða tækja.

**0790 ANNAÐ ÓSKILGREINT**

Hér flokkast aðrar tekjur sem ekki eiga við framangreinda sundurliðun svo sem tjonabætur.

**1 LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD**

Hér flokkast öll laun, launatengd gjöld, launaígildi og annar starfsmannatengdur kostnaður. Greina skal laun og launatengd gjöld á eftirfarandi undirtegundir:

**10 LAUN**

Hér flokkast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð sveitarfélags eða fyrirtækja þess. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Ennfremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundradshluti launa eða á annan hátt, styrkir til líkamsræktar, risnufé og stjórnar- og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Laun flokkast öll á eina greiningu:

**1010 LAUN****11 ÁFALLINN LAUNAKOSTNAÐUR**

Hér flokkast áfallið orlof og annar áfallinn launakostnaður sem kann að hafa fallið til t.d. vegna kjarasamninga. Áfallinn launakostnaður flokkast þannig:

**1170 ÁFALLIÐ ORLOF****1180 ANNAR ÁFALLINN LAUNAKOSTNAÐUR****12 LAUNAÍGILDI**

Hér flokkast hlunnindi sem sveitarfélagi eða fyrirtækjum þess ber að standa skil á skv. kjarasamningum eða ráðningarsamningum.

**1210 HLUNNINDI**

Hér flokkast kostnaður vegna húsnæðishlunninda samkvæmt skattmati eða niðurgreiðsla leigu, bifreiðahlunnindi og metin fæðishlunnindi.

**1290 ÖNNUR LAUNAÍGILDI**

Hér flokkast önnur hlunnindi eða launaígildi ótalin áður s.s. fatahlunnindi.

**13 LAUNATENGD GJÖLD**

Hér flokkast öll launatengd gjöld, svo sem tryggingagjald, framlag í lífeyrissjóð, sjóðagjöld og önnur lögboðin álög á launagreiðslur. Flokka skal launatengd gjöld á eftirfarandi hátt:

1310 TRYGGINGAGJALD  
1390 ÖNNUR LAUNATENGD GJÖLD

**14 ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR**

Hér flokkast annar starfsmannatengdur kostnaður sem ekki verður heimfærður á ofangreinda flokkun.

1490 ANNAR STARFSMANNATENGDUR KOSTNAÐUR

**2 BREYTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA**

**19 BREYTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA**

Hér færast breyting ársins.

1990 BREYTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA

**3 ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR**

Hér flokkast öll vöru- og þjónustukaup sveitarfélags og fyrirtækja þess hvort sem þau eru frá öðrum rekstrareiningum eða frá utanaðkomandi aðila. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

**20 SKRIFSTOFUVÖRUR**

Hér flokkast kaup á ýmsum vörum sem tengjast almennum skrifstofurekstri og skyldri starfsemi. Ekki má líta svo á að þessi flokkur sé eingöngu fyrir slíkan rekstur heldur er hann eins og flestir flokkar óbundinn verkefnum eða starfsemi. Sem dæmi ritföng, pappír, bækur, tímarit, nótnahefti, efni og vörur til fjölföldunar eða ljósritunar, minniháttar hugbúnaður, hljómplötur, kort, myndir, filmur o.fl.

2090 SKRIFSTOFUVÖRUR ÓSUNDURLIÐAÐ

**21 MATVÆLI**

Hér flokkast vörukaup til matargerðar fyrir mötuneyti, veitingarekstur og kennslu svo og kaup á máltíðum og matvörum fyrir starfsmenn í vinnutíma. Einnig drykkjarvörur, kaffi, te o.s.frv.

2190 MATVÆLI ÓSUNDURLIÐAÐ

**25 ORKA**

Hér flokkast orkukaup. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

2510 RAFMAGN  
2520 HEITT VATN  
2530 BENSÍN, OLÍUR, METAN  
2540 KALT VATN  
2590 ÖNNUR ORKUKAUP

**28 SMÁVERKFÆRI OG ÁHÖLD**

Hér flokkast ýmis tæki, búnaður og áhöld sem eru verðlítill og færast því ekki á eignaskrá eða til eignar þótt endingartími þeirra geti verið í sumum tilvikum langur.

2801 SMÁVERKFÆRI OG ÁHÖLD ÓSUNDURLIÐAÐ

**29 ÖNNUR VÖRUKAUP**

Önnur vörukaup ótalin áður til reksturs eða viðhalds.

2990 ÖNNUR VÖRUKAUP ÓSUNDURLIÐAÐ

**30 FJARSKIPTAÞJÓNUSTA**

Hér flokkast bæði stofn- og afnotagjöld og notkun á öllum fjarskiptabúnaði og tækjum. Einnig skal færa hér til frádráttar, greiðslu frá starfsmönnum vegna afnota af síma. Einnig afnotagjöld fyrir gagnabanka, skrár og ýmiss konar tölvupóstþjónustu, einnig aðgangur að þjóðskrá, íslenska menntanetinu, hafsjó o.fl.

## 3090 FJARSKIPTAÞJÓNUSTA ÓSUNDURLIÐAÐ

**31 AKSTUR**

Hér flokkast leigugjöld vegna aksturs leigubifreiða, bílaleigubíla, hópferðabíla, sendibifreiða og vörubifreiða svo og afnota af bifreiðum starfsmanna. Einnig kostnaður sem til fellur umfram leigugjald s.s. bensín, gangna- og ferjugjöld. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

3130 SKÓLAAKSTUR  
3190 ANNAR AKSTUR

**32 FARGJÖLD OG FERÐAKOSTNAÐUR**

Þessi undirflokkur tekur til fargjalda samkvæmt farmiðum, dagpeninga og dvalarkostnaðar.

## 3290 FARGJÖLD OG FERÐAKOSTNAÐUR ÓSUNDURLIÐAÐ

**33 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA**

Reikningar frá sérfræðingum flokkast hér, þ.m.t. efni. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

3310 LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
Hér flokkast m.a. öll vinna lögfræðinga og tildæmdur málskostnaður.

3320 VERKFRÆÐI- OG ARKITEKTAÞJÓNUSTA  
Hér flokkast kostnaður vegna kaupa á þjónustu frá verkfræðingum, tæknifræðingum og arkitektum.

3330 ENDURSKOÐUNAR- OG BÓKHALDSÞJÓNUSTA  
Hér flokkast kostnaður vegna kaupa á þjónustu frá viðskipta- og hagfræðingum, lögg. endurskoðendum og rekstrarráðgjöfum.

3340 TÖLVU- OG HUGBÚNAÐARÞJÓNUSTA  
Öll aðkeypt vinna kerfisfræðinga og önnur sérfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar, viðhalds og viðgerðar á hugbúnaði, aðstoð og ráðgjöf v/hugbúnaðar flokkast hér.

3350 LÆKNA- OG HJÚKRUNARÞJÓNUSTA  
Hér flokkast kostnaður vegna þjónustu lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara. Einnig læknisvottorð og vinna tannlækna og tannfræðinga.

3390 ÖNNUR SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA  
Hér færast aðrir sérfræðingar sem lokið hafa háskólaprófi eða sambærilegu langskólanámi og ekki hafa verið taldir hér að framan. Einnig kostnaður vegna öryggisgæslu og eftirlitsgjöld vegna m.a. mælitækja, geislavarna og vinnueftirlits.

**34 LEIGUGREIÐSLUR**

Hér flokkast allar leigugreiðslur, bæði innan sveitarfélags og utan. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

3410 INNRI HÚSALEIGA (EIGNASJÓÐUR)  
Hér flokkast kostnaður vegna leigugreiðslna til Eignasjóðs.

3470 MILLIFÆRÐ ÞJÓNUSTA  
Hér flokkast kostnaður vegna millifærðrar þjónustu rekstrareininga.

3490 AÐRAR LEIGUGREIÐSLUR.  
Hér flokkast aðrar leigugreiðslur en að framan eru taldar.

### **35 VÁTRYGGINGAR**

Hér flokkast allar vátryggingar sveitarfélags og fyrirtækja þess.

3590 VÁTRYGGINGAR

### **37 ÖNNUR ÞJÓNUSTUKAUP**

3710 MIÐLUN, KYNNING OG AUGLÝSINGAR  
Hér flokkast kostnaður við auglýsingar, gerð þeirra og birtingu, gerð kynningarefnis og birtingarkostnaður þess og skoðanakannanir.

3720 RÁÐSTEFNA, FUNDIR OG RISNA  
Hér flokkast þátttökugjöld á ráðstefnum og fundum sem starfsmenn eða stjórnendur sveitarfélags eða fyrirtækja þess sækja ásamt kostnaði sem krafinn er óskiptur og ekki verður flokkaður á viðeigandi liði s.s. ferðakostnað og dagpeninga. Hér flokkast einnig gjafir og risna sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim sem nýtur gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu.

3730 ENDURMENNTUN OG NÁMSKEIÐ  
Beinn kostnaður við menntun starfsmanna, verðandi starfsmanna og umsækjenda um störf í formi þátttökugjalda og annarra greiðslna fyrir fræðslu- og endurmenntunarnámskeið sem færast ekki undir aðra tegundaliði. Hér á ekki að færa greiðslur til sérfræðinga sem fengnir eru til að halda námskeið heldur skal færa þær greiðslur beint á viðkomandi verktaka- eða þjónustutegund samkvæmt menntun þeirra.

3740 RÆSTING OG HREINSUN  
Hér færast öll aðkeypt ræsting, efni og vinna, teppahreinsun og gluggaþvottur innandyra.

3750 VIÐHALDSÞJÓNUSTA.  
Hér flokkast allt viðhald fastafjármuna, efni og vinna verkamanna og iðnaðarmanna.

3790 ÖNNUR ÞJÓNUSTUKAUP  
Hér flokkast kostnaður v/prentunar, ljósritunar eða fjölritunar og pósthúðargjöld ásamt öðrum þjónustukaupum ótöldum áður.

### **39 SKATTAR OG ÖNNUR OPINBER GJÖLD**

Hér flokkast allar skattgreiðslur og greiðslur á opinberum gjöldum sem sveitarfélagi eða fyrirtækjum þess ber að greiða, nema launatengdir skattar og gjöld og fjármagnstekjuskattur. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

3910 FASTEIGNASKATTUR  
3990 AÐRIR SKATTAR OG OPINBER GJÖLD



Þegar framlög og styrkir sveitarfélaganna eru skoðuð þarf að athuga hvort tilfærslan sé af rekstrarlegum toga eða ætluð til fjármunamyndunar þ.e. hvort um er að ræða tilfærslu vegna einhvers sem á að standa í langan tíma (bygging eða eitthvað þess háttar) eða verið er að styrkja rekstur t.d. fyrirtækis í bænum.

#### **4 STYRKIR OG ANNÐ**

Styrkir eru skilgreindir sem óendurkræfar tilfærslur til aðila án þess að á móti komi vara eða þjónusta.

#### **41 REKSTRARSTYRKIR**

Hér flokkast styrkir eða framlög sem styrkþegi nýtir til rekstrar. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

##### **4110 REKSTRARSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA**

Hér flokkast umönnunarbætur, fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og aðrar greiðslur frá félagsþjónustu sveitarfélags, íþrótt- og tómstundastyrkir til ungmenna og starfsmanna. Einnig ferðastyrkir v/náms eða einhverra viðburða sem viðkomandi er styrktur til að sækja, niðurgreiðsla vegna ferða ákveðins hóps einstaklinga og styrkir til að einstaklingar geti tekið þátt í t.d. sumarnámskeiðum. Þá flokkast hér niðurgreiðsla og/eða afsláttur af gjaldskrá vegna einstæðra foreldra, öryrkja, aldraðra eða 2ja eða fleiri notenda þjónustu á sama tíma. Einnig afsláttur af fasteignaskatti eða öðrum fasteignagjöldum sem veitt eru vegna öldrunar, örorku eða af félagslegum ástæðum.

##### **4120 REKSTRARSTYRKIR TIL FÉLAGASAMTAKA OG VELFERÐARSTOFNANA**

Hér flokkast framlög til félaga eða félagasamtaka þar sem ekki kemur þjónusta eða vara af hálfu styrkþega á móti. Samtök eru skilgreind sem þeir aðilar eða rekstrareiningar sem ekki hafa þann tilgang að skapa aðstandendum eða eigendum sínum hagnað (e. non-profit institutions). Hér má nefna framlög til trúfélaga, stjórnmalaflokka, íþrótt- og æskulýðsfélaga og björgunarsveita. Framlög til einkarekinna skóla flokkast einnig hér ef ekki kemur á móti veitt þjónusta til sveitarfélagsins. Einnig styrkir vegna viðburða s.s. vegna hátíðarhalda 17. júní. Framlög geta hvort heldur er verið í formi beinna fjárstyrkja eða afnota af eignum sveitarfélags.

##### **4130 REKSTRARSTYRKIR TIL AÐILA INNAN A-HLUTANS**

Hér flokkast framlög til verkefna eða rekstrareininga sem reknar eru innan A-hluta s.s. skóla, bókasafna, íþróttahúsa o.fl. Athugið að útgjöldin verða að falla utan ramma almenns rekstrarkostnaðar og lögboðinna verkefna.

##### **4140 REKSTRARSTYRKIR TIL FYRIRTÆKJA**

Hér flokkast sambærileg framlög og tilgreind eru undir 4130 nema að nú er um að ræða fyrirtæki innan B-hluta.

Einnig styrkir og framlög til fyrirtækja í einkaeign þar sem ekki kemur þjónusta eða vara á móti. Hér má nefna styrki til atvinnuþróunar, til að halda uppi samgöngum, til viðhalds og/eða varðveislu húsa eða minja o.s.frv.

##### **4160 REKSTRARSTYRKIR TIL SVEITARFÉLAGA**

Hér flokkast styrkir sem sveitarfélag veitir öðru sveitarfélagi vegna t.d. náttúruhamfara. Líklega eru fá önnur dæmi um slíka styrki.

##### **4170 REKSTRARSTYRKIR TIL RÍKISSJÓÐS**

Hér flokkast styrkir sem sveitarfélag veitir ríkissjóði, en styrkur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er dæmi um slíkan styrk.

**42 FJÁRFESTINGASTYRKIR**

Hér flokkast styrkir til fjárfestinga, þ.e. styrkþegi nýtir fjármagnið til eignabreytinga en ekki rekstrar. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

**4210 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA**

Hér flokkast styrkir til einstaklinga sem ráðstafað er af styrkþega til eignabreytinga. Sem dæmi má nefna styrki til fjölskyldna fatlaðra einstaklinga til breytinga á húsnæði, styrki til viðhalds eða endurgerðar gamalla húsa o.s.frv.

**4220 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL FÉLAGASAMTAKA OG VELFERÐARSTOFNANA**

Hér flokkast styrkir til félaga og félagasamtaka sem varið er til eignabreytinga. Sem dæmi má nefna fjárfestingastyrki til íþróttafélaga til bygginga íþróttamannvirkja o.s.frv.

**4230 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL AÐILA INNAN A-HLUTANS**

Hér flokkast fjárfestingarframlag til rekstrareininga innan A-hluta. Sem dæmi má nefna byggingastyrki til endurgerðar gamalla húsa eða fornminja o.s.frv.

**4240 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL FYRIRTÆKJA**

Hér flokkast sambærileg framlög og tilgreind eru undir 4230 nema að nú er um að ræða fyrirtæki innan B-hluta eða í einkaeign.

**4260 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL SVEITARFÉLAGA**

Hér flokkast styrkir sem sveitarfélag veitir öðru sveitarfélagi vegna t.d. náttúruhamfara ef styrk er varið til fjárfestinga, en sveitarfélag getur einnig lagt öðru sveitarfélagi til fjármagn til mannvirkjagerðar þótt eignarhald komi ekki á móti.

**4270 FJÁRFESTINGARSTYRKIR TIL RÍKISSJÓÐS**

Í flestum tilvikum er um að ræða styrki frá ríki til sveitarfélaga en ekki öfugt. En ef svo væri þá myndu slíkir styrkir flokkast hér.

**45 NIÐURFÆRSLA OG AFSKRIFTIR**

Hér flokkast niðurfærsla og afskriftir viðskiptakrafna, eignahluta, hlutafjár eða skuldabréfaeignar.

**4510 NIÐURFÆRSLA OG AFSKRIFTIR VIÐSKIPTAKRAFNA****48 SEKTIR OG SKAÐABÆTUR**

Hér flokkast sektir, tjónabætur til 3ja aðila og dæmdar bætur hvers konar sem sveitarfélagi eða fyrirtækjum þess ber að greiða.

**4890 SEKTIR OG SKAÐABÆTUR****49 AÐRIR ÓSKILGREINDIR LIÐIR**

Hér flokkast önnur útgjöld sem ekki er hægt að flokka annars staðar.

**4990 AÐRIR ÓSKILGREINDIR LIÐIR****5 AFSKRIFTIR****56 AFSKRIFTIR**

Hér flokkast afskriftir fastafjármuna og annarra eigna fyrirtækja sveitarfélaga.

**5610 AFSKRIFT EIGNA**

**6 FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD**

Hér flokkast fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sveitarfélags og fyrirtækja þess. Sérstaklega ber að greina fjármunatekjur og fjármagnsgjöld vegna innri viðskipta.

**60 FJÁRMUNA- OG VERÐBÓTATEKJUR**

Hér flokkast fjármuna- og verðbótatekjur sveitarfélags og fyrirtækja þess. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

6010 FJÁRMUNATEKJUR  
6020 VERÐBÓTATEKJUR  
6030 FJÁRMUNATEKJUR – INNRI VIÐSKIPTI  
6040 VERÐBÓTATEKJUR – INNRI VIÐSKIPTI

**61 FJÁRMAGNS- OG VERÐBÓTAGJÖLD**

Hér flokkast fjármagns- og verðbótagjöld sveitarfélags og fyrirtækja þess. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

6110 FJÁRMAGNSGJÖLD  
6120 VERÐBÓTAGJÖLD  
6130 FJÁRMAGNSGJÖLD – INNRI VIÐSKIPTI  
6140 VERÐBÓTAGJÖLD – INNRI VIÐSKIPTI

**62 GENGISMUNUR**

Hér flokkast gengismunur af eignum og skuldum sveitarfélags og fyrirtækja þess.

6210 GENGISMUNUR

**63 TEKJUR AF EIGNAHLUTUM**

Hér flokkast arður af eignahlutum og fyrirtækjum sveitarfélaga. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

6310 ARÐUR AF EIGNARHLUTUM  
6320 ARÐUR AF EIGIN FYRIRTÆKJUM  
6330 ANNAR ARÐUR

**64 FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR**

Hér flokkast fjármagnstekjuskattur.

6410 FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

**65 AÐRAR FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD**

Hér flokkast söluhagnaður og tap eigna, eignahluta og hlutabréfa. Einnig aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sem ekki verða flokkaðar annars staðar.

6510 SÖLUHAGNAÐUR/-TAP HLUTABRÉFA/EIGNARHLUTA  
6590 AÐRAR FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

**7 ÓREGLULEGIR LIÐIR**

Útgjöld eða tekjur sveitarfélaga sem ekki falla undir venjulegan rekstur þeirra skal sýna sem óreglulega liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Útgjöld eða tekjur eru skilgreind óreglulegur liður þegar eftirfarandi þrjú skilyrði eru öll uppfyllt:

1. Liðurinn er ekki í greinilegum tengslum við hefðbundna starfsemi sveitarfélagsins.
2. Liðurinn er þess eðlis að ekki er gert ráð fyrir að hann eigi sér stað oft eða með reglubundnum hætti.
3. Liðurinn felur í sér verulega fjárhæð með tilliti til rekstrarumfanga viðkomandi sveitarfélags.

Dæmi um óreglulega liði má nefna verulegan hagnað/tap af sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem ekki tengjast beint starfsemi sveitarfélags og verulegan hagnað/tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, enda sé um að ræða eignir sem óvenjulegt er að sveitarfélagið selji.

7010 ÓREGLULEGAR TEKJUR

7020 ÓREGLULEG GJÖLD

8. gr.

*Efnahagsliðir.*

## **FLOKKUN EIGNA OG SKULDA**

### **8 EIGNIR**

Hér flokkast eignir sveitarfélags, fyrirtækja þess og stofnana. Gerð er krafa til eftirfarandi greiningar:

### **80 EIGNABREYTINGAR**

Þessi flokkun er notuð í fjárhagsáætlun og í skilum innan ársins en ekki í ársreikningi. Þar ber sveitarfélagi að skila sérstöku yfirliti um eignabreytingar þar sem flokkun er á málaflokka.

8001 SELDAR EIGNIR

8002 GATNAGERÐARGJÖLD

8003 ENDURGREIÐSLUR

8010 KEYPTAR EIGNIR

8020 FRAMKVÆMDIR

### **81 VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR**

8101 RÉTTINDI

8110 FASTEIGNIR, LÓÐIR OG FASTEIGNARÉTTINDI

8120 LEIGÐAR EIGNIR

8130 VÉLAR OG TÆKI

8140 VEITUR OG GATNAKERFI

8150 HAFNARMANNVIRKI

### **82 ÁHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMAKRÖFUR**

8201 EIGNARHLUTIR Í BYGGÐASAMLÖGUM

8210 EIGNARHLUTAR Í TENGDUM FÉLÖGUM

8220 EIGNARHLUTAR Í HLOTDEILDARFÉLÖGUM

8230 EIGNARHLUTAR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

8240 SKATTEIGN

8250 ANNAÐ

8260 VERÐBRÉF

8261 NÆSTA ÁRS AFBORGANIR

8270 SKULDABRÉF A-HLUTA FYRIRTÆKJA

8271 NÆSTA ÁRS AFBORGUN A-HLUTA

8280 SKULDABRÉF B-HLUTA FYRIRTÆKJA

8281 NÆSTA ÁRS AFBORGUN B-HLUTA

### **83 VELTUFJÁRMUNIR**

8301 BIRGÐIR  
8310 ÓINNHEIMTAR TEKJUR  
8320 AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR  
8321 SKAMMTÍMAKRÖFUR Á A-HLUTA FYRIRTÆKI  
8322 SKAMMTÍMAKRÖFUR Á B-HLUTA FYRIRTÆKI  
8330 BANKAREIKNINGAR  
8340 SJÓÐIR OG MILLIREIKNINGAR  
8361 NÆSTA ÁRS AFBORGANIR  
8362 NÆSTA ÁRS AFBORGUN A-HLUTA  
8363 NÆSTA ÁRS AFBORGUN B-HLUTA

### **9 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

#### **90 EIGIÐ FÉ**

9000 EIGINFJARREIKNINGUR

#### **91 SKULDBINDINGAR**

9110 LÍFEYRISSKULDBINDING  
9120 AÐRAR SKULDBINDINGAR

#### **92 LANGTÍMASKULDIR**

9210 SKULDABRÉFALÁN – INNLEND  
9220 SKULDABRÉFALÁN – ERLEND (INNLENDIR LÁNVEITENDUR)  
9221 SKULDABRÉFALÁN – ERLEND  
9230 LEIGUSKULDIR  
9231 LEIGUSKULDIR – ERLENDAR  
9240 INNRI LÁN – VIÐ AÐALSJÓÐ  
9250 NÆSTA ÁRS AFBORGANIR

#### **97 SKAMMTÍMASKULDIR**

9710 SKULDIR VIÐ LÁNASTOFNANIR  
9720 VIÐSKIPTASKULDIR  
9721 SKULDIR VIÐ A-HLUTA FYRIRTÆKI  
9722 SKULDIR VIÐ B-HLUTA FYRIRTÆKI  
9730 AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR  
9731 AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR (ERLENDAR)  
9751 NÆSTA ÁRS AFBORGANIR  
9752 NÆSTA ÁRS AFBORGUN A-HLUTA  
9753 NÆSTA ÁRS AFBORGUN B-HLUTA  
9760 FYRIRFRAMINNBORGANIR

9. gr.  
*Málaflokkagreining.*

Málaflokkagreining fjárhagsupplýsinga sveitarfélaga

Mfl./deild	Heiti	COFOG
<b>00</b>	<b>Skatttekjur</b>	0000
0	<i>Skattar</i>	
	01 Útsvör	0001
	06 Fasteignaskattur	0006
1	<i>Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga</i>	0010
3	<i>Aðrar tekjur með skattaígildi</i>	
	35 Lóðarleiga	0035
<b>02</b>	<b>Félagsþjónusta</b>	0200
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0201
1	<i>Félagsleg aðstoð</i>	
	11 Fjárhagsaðstoð	0211
	15 Félagsleg heimaþjónusta	0215
	16 Niðurgreiðsla dvalargjalda	0216
	17 Niðurgreiðsla húsaleigu	0217
	18 Húsaleigubætur	0218
	19 Önnur félagsleg hjálp	0219
3	<i>Þjónusta við börn og unglinga</i>	
	31 Kostnaður vegna barnaverndarnefndar	0231
	32 Kostnaður vegna vistunar utan heimilis á stofnun	0232
	33 Kostnaður vegna fósturs utan heimilis	0233
	34 Kostnaður vegna úrræða á heimili	0234
	35 Annað	0235
4	<i>Þjónusta við aldraða</i>	
	41 Framlag til dvalar- og hjúkrunarheimila	0241
	42 Heimaþjónusta	0242
	43 Tómsundastarf	0243
	49 Annað	0249
5	<i>Þjónusta við fatlað fólk</i>	
	51 Sameiginlegir liðir	0251
	52 Félagsleg liðveisla	0252
	53 Heimaþjónusta	0253
	54 Ferðaþjónusta	0254
	55 Frekari liðveisla	0255
	56 Búseta	0256
	57 Skammtímvistun	0257
	58 Dagþjónusta	0258
	59 Önnur þjónusta	0259
6	<i>Ýmis félagsþjónusta</i>	
	61 Áfengis- og vímuefnavarnir	0261
	69 Annað	0269
7	<i>Ýmis lögbundin framlög</i>	0270

8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0280
<b>03</b>	<b>Heilbrigðismál</b>	0300
2	<i>Heilsuvernd</i>	
21	Heilsugæslustöðvar	0321
22	Heilbrigðiseftirlit	0322
29	Annað	0329
<b>04</b>	<b>Fræðslu- og uppeldismál</b>	0400
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	
01	Skólaskrifstofa	0401
09	Aðrir sameiginlegir liðir	0409
1	<i>Leikskólar og dagvistun</i>	
11	Leikskólar	0411
1101	Leikskóli 1	041101
1102	Leikskóli 2	041102
1103	Leikskóli 3	041103
1104	Leikskóli 4 o.s.frv.	041104
16	Framlög til rekstrar leikskóla annarra	0416
17	Dagvistun í heimahúsum	0417
18	Gæsluvellir	0418
19	Annar leikskóla- og dagvistunarkostnaður	0419
2	<i>Grunnskólar</i>	
21	Grunnskólar	0421
2101	Grunnskóli 1	042101
2102	Grunnskóli 2	042102
2103	Grunnskóli 3	042103
2104	Grunnskóli 4 o.s.frv.	042104
28	Vistun utan skólatíma	0428
29	Annar grunnskólakostnaður	0429
4	<i>Framhaldsskólar</i>	0440
5	<i>Önnur fræðslustarfsemi</i>	0450
51	Tónlistarskóli	0451
5101	Tónlistarskóli 1	045101
5102	Tónlistarskóli 2	045102
5103	Tónlistarskóli 3 o.s.frv.	045103
52	Umferðarskólinn „Ungir vegfarendur“	0452
59	Aðrir skólar og fræðslustarfsemi	0459
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0480
<b>05</b>	<b>Meningarmál</b>	0500
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0501
2	<i>Bókasöfn</i>	0520
3	<i>Önnur söfn</i>	0530
4	<i>Byggðasaga</i>	0540
5	<i>Listir</i>	0550

6	<i>Menningarhús – félagsheimili</i>	0560
7	<i>Hátíðarhöld</i>	0570
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0580
<b>06</b>	<b>Æskulýðs- og íþróttamál</b>	0600
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0601
1	<i>Leikvellir</i>	0610
2	<i>Æskulýðsmál</i>	0620
26	Sumarnámskeið	0626
27	Vinnuskóli	0627
29	Önnur æskulýðsmál	0629
3	<i>Félagsmiðstöðvar</i>	0630
5	<i>Íþróttahús og sundlaugar</i>	0650
51	Íþróttahús	0651
	5101 Íþróttahús 1	065101
	5102 Íþróttahús 2	065102
	5103 Íþróttahús 3 o.s.frv.	065103
55	Sundlaugar	0655
	5501 Sundlaug 1	065501
	5502 Sundlaug 2	065502
	5503 Sundlaug 3 o.s.frv.	065503
59	Önnur íþróttamannvirki	0659
6	<i>Íþróttasvæði</i>	0660
8	<i>Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála</i>	0680
<b>07</b>	<b>Brunamál og almannavarnir</b>	0700
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0701
2	<i>Brunavarnir</i>	0720
4	<i>Almannavarnir og öryggismál</i>	0740
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0780
<b>08</b>	<b>Hreinlætismál</b>	0800
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0801
2	<i>Sorphreinsun og sorpeyðing</i>	0820
5	<i>Meindýraeyðing og dýraeftirlit</i>	0850
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0880
<b>09</b>	<b>Skipulags- og byggingarmál</b>	0900
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	0901
1	<i>Mælingar, skráning og kortagerð</i>	0910
2	<i>Skipulagsmál, byggingareftirlit</i>	0920
7	<i>Lóðir og lendur</i>	0970
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	0980
<b>10</b>	<b>Umferðar- og samgöngumál</b>	1000
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	1001
3	<i>Viðhald og rekstur gatnakerfis</i>	1030
4	<i>Gangbrautir, hjóltreidastígar og reiðvegir</i>	1040



5	<i>Umferðaröryggismál</i>	1050
6	<i>Snjómokstur og hálkuvarnir</i>	1060
7	<i>Samgöngumál</i>	1070
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	1080
<b>11</b>	<b>Umhverfismál</b>	1100
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	1101
2	<i>Almenningsgarðar</i>	1120
3	<i>Útivistarsvæði</i>	1130
31	Skógræktarsvæði	1131
39	Annað	1139
4	<i>Opin svæði</i>	1140
5	<i>Umhverfi gatna og torg</i>	1150
6	<i>Skreytingar</i>	1160
7	<i>Minka- og refaeyðing</i>	1170
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	1180
<b>13</b>	<b>Atvinnumál</b>	1300
0	<i>Sameiginlegir liðir</i>	1301
2	<i>Landbúnaður</i>	1320
4	<i>Iðnaður</i>	1340
5	<i>Fiskeldi og útgerð</i>	1350
6	<i>Ferðamál</i>	1360
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	1380
<b>20</b>	<b>Framlög til B-hluta fyrirtækja</b>	2000
61	Hafnarsjóður	2061
67	Veitur	2067
71	Félagslegt íbúðarhúsnæði	2071
77	Félagslegar þjónustustofnanir	2077
89	Önnur B-hluta fyrirtæki	2089
<b>21</b>	<b>Sameiginlegur kostnaður</b>	2100
0	<i>Meðferð sveitarstjórnarmála</i>	2101
1	<i>Kosningar</i>	2110
11	Sveitarstjórnarkosningar	2111
15	Alþingis- og forsetakosningar	2115
19	Aðrar atkvæðagreiðslur	2119
2	<i>Sameining sveitarfélaga</i>	2120
3	<i>Ónotaðar eignir</i>	2130
4	<i>Skrifstofur sveitarfélagsins</i>	2140
5	<i>Risna, móttökur og kynningarmál</i>	2150
6	<i>Starfsmannakostnaður</i>	2160
7	<i>Samstarf sveitarfélaga</i>	2170
8	<i>Ýmsir styrkir og framlög</i>	2180
<b>22</b>	<b>Breyting lifeyrisskuldbindinga</b>	2200
<b>27</b>	<b>Óreglulegir liðir</b>	2700

<b>28</b>	<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	2800
9	<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>	
90	<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>	2890
<b>29</b>	<b>Aðalsjóður – efnahagur</b>	2900

**A – hluta stofnanir**

<b>31</b>	<b>Eignasjóður</b>	3100
10	Rekstur	3110
90	<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>	3190
<b>32</b>	<b>Eignasjóður – efnahagur</b>	3200
<b>59</b>	<b>Aðrar A-hluta stofnanir</b>	5900
10	Rekstur	5910
90	<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>	5990
<b>60</b>	<b>Aðrar A-hluta stofnanir – efnahagur</b>	6000

**B – hluta stofnanir**

<b>61</b>	<b>Hafnarsjóður</b>	6100
<b>62</b>	<b>Hafnarsjóður – efnahagur</b>	6200
<b>63</b>	<b>Vatnsveita</b>	6300
<b>64</b>	<b>Vatnsveita – efnahagur</b>	6400
<b>65</b>	<b>Rafveita</b>	6500
<b>66</b>	<b>Rafveita – efnahagur</b>	6600
<b>67</b>	<b>Hitaveita</b>	6700
<b>68</b>	<b>Hitaveita – efnahagur</b>	6800
<b>69</b>	<b>Fráveita</b>	6900
<b>70</b>	<b>Fráveita – efnahagur</b>	7000
<b>71</b>	<b>Félagslegt íbúðarhúsnæði</b>	7100
<b>72</b>	<b>Félagslegt íbúðarhúsnæði – efnahagur</b>	7200
<b>77</b>	<b>Félagslegar þjónustustofnanir</b>	7700
<b>78</b>	<b>Félagslegar þjónustustofnanir – efnahagur</b>	7800
<b>89</b>	<b>Aðrar B-hluta stofnanir</b>	8900
<b>90</b>	<b>Aðrar B-hluta stofnanir – efnahagur</b>	9000

10. gr.

*Hagræn flokkun.*

Hagræn flokkun fjárhagsupplýsinga sveitarfélaga

Uppgjörstegund	Lýsing	GFS lykill
<b>0</b>	<b>Tekjur</b>	0000
<b>00</b>	<b>Skatttekjur</b>	
0010	Útsvar	0010
0020	Fasteignaskattur	0020

0090	Afskriftir og niðurfærsla	0090
<b>01</b>	<b>Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>	
0190	Framlög Jöfnunarsjóðs	0190
<b>02</b>	<b>Þjónustutekjur</b>	
0210	Þjónustugjöld fasteigna	0210
0230	Tekjur af leyfisgjöldum	0230
0240	Tekjur af eftirlitsgjöldum	0240
0290	Aðrar þjónustutekjur	0290
<b>03</b>	<b>Arður af eignum</b>	
0390	Arður af eignum	0390
<b>04</b>	<b>Tekjur með skattaígildi</b>	
0410	Lóðarleiga	0410
0480	Byggingaréttur	0480
0490	Önnur skattaígildi	0490
<b>05</b>	<b>Vörur og þjónusta til eigin nota</b>	
0510	Milliviðskipti rekstrareininga	0510
<b>06</b>	<b>Endurgreiðslur og tilfærslur</b>	
0610	Endurgreiðslur annarra sveitarfélaga	0610
0620	Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs	0620
0690	Aðrar endurgreiðslur/tilfærslur	0690
<b>07</b>	<b>Aðrar tekjur</b>	
0710	Styrkir og framlög	0710
0720	Seldar vörur og þjónusta	0720
0790	Annað óskilgreint	0790
<b>1</b>	<b>Laun og launatengd gjöld</b>	1000
<b>10</b>	<b>Laun</b>	
1010	Laun	1010
<b>11</b>	<b>Áfallinn launakostnaður</b>	
1170	Áfallið orlof	1170
1180	Annar áfallinn launakostnaður	1180
<b>12</b>	<b>Launaígildi</b>	
1210	Hlunnindi	1210
1290	Önnur launaígildi	1290
<b>13</b>	<b>Launatengd gjöld</b>	
1310	Tryggingagjald	1310
1390	Önnur launatengd gjöld	1390
<b>14</b>	<b>Annar starfsmannakostnaður</b>	
1490	Annar starfsmannatengdur kostnaður	1490
<b>2</b>	<b>Breyting lífeyrisskuldbindinga</b>	2000
<b>19</b>	<b>Breyting lífeyrisskuldbindinga</b>	
1990	Breyting lífeyrisskuldbindinga	1990

<b>3 Annar rekstrarkostnaður</b>		3000
<b>20 Skrifstofuvörur</b>		
2090	Skrifstofuvörur ósundurliðað	2090
<b>21 Matvæli</b>		
2190	Matvæli ósundurliðað	2190
<b>25 Orka</b>		
2510	Rafmagn	2510
2520	Heitt vatn	2520
2530	Bensín, olíur og metan	2530
2540	Kalt vatn	2540
2590	Önnur orkukaup	2590
<b>28 Smáverkfæri og áhöld</b>		
2890	Smáverkfæri og áhöld	2890
<b>29 Önnur vörukaup</b>		
2990	Önnur vörukaup	2990
<b>30 Fjarskiptaþjónusta</b>		
3090	Fjarskiptaþjónusta ósundurliðað	3090
<b>31 Akstur</b>		
3130	Skólaakstur	3130
3190	Annar akstur	3190
<b>32 Fargjöld og ferðakostnaður</b>		
3290	Fargjöld og ferðakostnaður	3290
<b>33 Aðkeypt þjónusta</b>		
3310	Lögfræðiþjónusta	3310
3320	Verkfræði- og arkitektaþjónusta	3320
3330	Endurskoðunar- og bókhaldsþjónusta	3330
3340	Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	3340
3350	Lækna- og hjúkrunarþjónusta	3350
3390	Önnur sérfræðiþjónusta	3390
<b>34 Leigugreiðslur</b>		
3410	Innri húsaleiga (Eignasjóður)	3410
3470	Millifærð þjónusta	3470
3490	Aðrar leigugreiðslur	3490
<b>35 Vátryggingar</b>		
3510	Vátryggingar	3510
<b>37 Önnur þjónustukaup</b>		
3710	Miðlun, kynning og auglýsingar	3710
3720	Ráðstefna, fundir og risna	3720
3730	Endurmenntun og námskeið	3730
3740	Ræsting og hreinsun	3740
3750	Viðhaldsþjónusta	3750
3790	Önnur þjónustukaup	3790

<b>39 Skattar og önnur opinber gjöld</b>		
3910	Fasteignaskattur	3910
3990	Aðrir skattar og opinber gjöld	3990
<b>4 Styrkir og annað</b>		<b>4000</b>
<b>41 Rekstrarstyrkir</b>		
4110	Rekstrarstyrkir til einstaklinga	4110
4120	Rekstrarstyrkir til félagasamtaka og velferðarstofnana	4120
4130	Rekstrarstyrkir til aðila innan A-hlutans	4130
4140	Rekstrarstyrkir til fyrirtækja	4140
4160	Rekstrarstyrkir til sveitarfélaga	4160
4170	Rekstrarstyrkir til ríkissjóðs	4170
<b>42 Fjárfestingastyrkir</b>		
4210	Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga	4210
4220	Fjárfestingarstyrkir til félagasamtaka og velferðarstofnana	4220
4230	Fjárfestingarstyrkir til aðila innan A-hlutans	4230
4240	Fjárfestingarstyrkir til fyrirtækja	4240
4260	Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga	4260
4270	Fjárfestingarstyrkir til ríkissjóðs	4270
<b>45 Niðurfærsla og afskriftir viðskiptakrafna</b>		
4510	Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna	4510
<b>48 Sektir og skaðabætur</b>		
4890	Sektir og skaðabætur	4890
<b>49 Aðrir óskilgreindir liðir</b>		
4990	Aðrir óskilgreindir liðir	4990
<b>5 Afskriftir</b>		<b>5000</b>
<b>56 Afskriftir</b>		
5610	Afskrift eigna	5610
<b>6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
<b>60 Fjármuna- og verðbótatekjur</b>		
6010	Fjármunatekjur	6010
6020	Verðbótatekjur	6020
6030	Fjármunatekjur – innri viðskipti	6030
6040	Verðbótatekjur – innri viðskipti	6040
<b>61 Fjármagns- og verðbótagjöld</b>		
6110	Fjármagnsgjöld	6110
6120	Verðbótagjöld	6120
6130	Fjármagnsgjöld – innri viðskipti	6130
6140	Verðbótagjöld – innri viðskipti	6140
<b>62 Gengismunur</b>		
6210	Gengismunur	6210
<b>63 Tekjur af eignarhlutum</b>		
6310	Arður af eignarhlutum	6310
6320	Arður af eigin fyrirtækjum	6320

6330	Annar arður	6330
<b>64</b>	<b>Fjármagnstekjuskattur</b>	
6410	Fjármagnstekjuskattur	6410
<b>65</b>	<b>Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	
6510	Söluhagnaður/-tap hlutabréfa/eignarhluta	6510
6590	Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6590
<b>7</b>	<b>Óreglulegir liðir</b>	
<b>70</b>	<b>Óreglulegar tekjur/gjöld</b>	
7010	Óreglulegar tekjur	7010
7020	Óregluleg gjöld	7020
<b>8</b>	<b>Eignir</b>	
<b>80</b>	<b>Eignabreytingar</b>	8000
8001	Seldar eignir	8001
8002	Gatnagerðargjöld	8002
8003	Endurgreiðslur	8003
8010	Keyptar eignir	8010
8020	Framkvæmdir	8020
<b>81</b>	<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	8100
8101	Réttindi	8101
8110	Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	8110
8120	Leigðar eignir	8120
8130	Vélar og tæki	8130
8140	Veitur og gatnakerfi	8140
8150	Hafnarmannvirki	8150
<b>82</b>	<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>	8200
8201	Eignarhlutir í byggðasamlögum	8201
8210	Eignarhlutar í tengdum félögum	8210
8220	Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	8220
8230	Eignarhlutar í öðrum félögum	8230
8240	Skatteign	8240
8250	Annað	8250
8260	Verðbréf	8260
8270	Skuldabréf A-hluta fyrirtækja	8270
8280	Skuldabréf B-hluta fyrirtækja	8280
<b>83</b>	<b>Veltufjármunir</b>	8300
8301	Birgðir	8301
8310	Óinnheimtar tekjur	8310
8320	Aðrar skammtímakröfur	8320
8321	Skammtímakröfur á A-hluta fyrirtæki	8321
8322	Skammtímakröfur á B-hluta fyrirtæki	8322
8330	Bankareikningar	8330
8340	Sjóðir og millireikningar	8340

**9 Skuldir og eigið fé**

<b>90 Eigið fé</b>		9000
9010	Eiginfjárreikningur	9010
<b>91 Skuldbindingar</b>		9100
9110	Lífeyrisskuldbinding	9110
9120	Aðrar skuldbindingar	9120
<b>92 Langtímaskuldir</b>		9200
9210	Skuldabréfalán – innlend	9210
9220	Skuldabréfalán – erlend (innlendir lánveitendur)	9220
9221	Skuldabréfalán – erlend (erlendir lánveitendur)	9221
9230	Leiguskuldir	9230
9231	Leiguskuldir – erlendar	9231
9240	Innri lán – við aðalsjóð	9240
<b>97 Skammtímaskuldir</b>		9700
9710	Skuldir við lánastofnanir	9710
9720	Viðskiptaskuldir	9720
9721	Skuldir við A-hluta fyrirtæki	9721
9722	Skuldir við B-hluta fyrirtæki	9722
9730	Aðrar skammtímaskuldir	9730
9731	Aðrar skammtímaskuldir (erlendar)	9731
9760	Fyrirframinnborganir	9760

## 11. gr.

*Almennt um söfnun upplýsinga.***UPPLÝSINGAVEITA**

Upplýsingaveitan lýtur einum stjórnskipuðum fulltrúa hvers eignaraðila. Stjórn hefur yfirumsjón með veitunni, stýrir aðgangi og vinnslu upplýsinga úr grunninum.

Gögn í upplýsingaveitu eru fjárhagsupplýsingar sem safnað er frá öllum sveitarfélögum landsins með rafrænum hætti. Sveitarfélögum ber skylda til að afhenda gögn í því formi sem áskilið er hverju sinni.

Ráðuneytið hefur yfirumsjón með gagnaskilum og beitir viðurlögum ef út af bregður í samræmi við lög og reglugerðir. Hagstofa Íslands, sem vörsluaðili upplýsingaveitu, annast samskipti við sveitarfélögin vegna gagnaskilanna sjálfra, kannar innsend gögn og gerir athugasemdir ef þau eru ekki fullnægjandi.

**HVERJU ER SAFNAÐ**

Gagnaskil til upplýsingaveitu eru skilgreind í reglugerðinni. Kveðið er á um flokkun og greiningu skilaskyldra upplýsinga, form sendingarfærslna og atriði sem hver færsla verður að innihalda að lágmarki.

Eftirfarandi færslulýsing á við um skil sveitarfélaga á samræmdum árlegum og ársfjórðungslegum fjárhagsuppgjörum.

**FÆRSLULÝSING**

Hér verður farið yfir helstu atriði í færslu til gagnaveitu en nánari útlistun og lýsing á XML-skjölum er að finna á heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://www.hagstofa.is> og ber að líta á þær upplýsingar sem þar eru birtar sem hluta þessa fylgiskjals.

**HAUS Í SENDINGARFÆRSLU**

Í þessum hluta eru upplýsingar um sveitarfélagsnúmer, tengilið, tímasetningu sendingar auk eftirfarandi upplýsinga:

**TÍMABIL**

Þetta er tímabil sem innsend gögn taka til. Form færslu getur verið:

YYYY (2014) ef færslur eiga við heilt ár.

YYYYQqq (2014Q01) ef færslur eiga við ársfjórðung, hér 1. ársfjórðungur 2014.

**TEGUND SKILA**

Hér er sagt til um hvers eðlis skilin eru. Þau eru:

F = Skil innan árs, þ.e. ársfjórðungsskil.

E = Endurskoðað ársuppgjör (ársreikningur).

1A = Fjárhagsáætlun næsta árs.

3A = Þriggja ára fjárhagsáætlun.

**LÍNUR Í SENDINGARFÆRSLU**

Hver sending inniheldur eina eða fleiri línur þar sem fram koma eftirtalin atriði:

**LYKILL**

GFS (Government Finance Statistics) númer lykils, sjá viðauka 2. Ekki er heimilt að nota aðra lykila.

**DEILD**

COFOG (Classification of Functions of Government) númer deildar, sjá viðauka 1 við lykilinn. Ekki er heimilt að nota önnur deildarnúmer með þeirri undantekningu að sveitarfélag stofnar sérstakt deildarnúmer fyrir hverja rekstrareiningu í þeim tilvikum þar sem skólar, leikskólar, tónlistarskólar, íþróttahús eða sundlaugar eru fleiri en ein í sveitarfélaginu.

**STOFNUN**

Í sendingu er hægt að velja á milli þess að senda deildarnúmer inn sem „Deild“ eða „Stofnun“. Aldrei má vera skráning á báðum sviðum.

Munur á deild og stofnun er sá að á bak við stofnun er skráning á skiptingu fjárhæða á fleiri en eina deild. Þessi skipting er send Hagstofu sérstaklega, annaðhvort í hverri reglulegri gagnasendingu eða í sérstakri sendingu og gildir þá skráð skipting þar til ný er send. Sveitarfélag sem rekur t.d. leikskóla og skóla í sömu rekstrareiningu þarf ekki að greina þar á milli í uppgjöri þrátt fyrir að í upplýsingaveitu sé gerð krafa til sundurliðunar kostnaðar milli skólastiga.

Taka má sem dæmi að samrekin rekstrareining sé á deild 042101 þar sem skólinn annast rekstur leikskóladeildar. Þessi leikskóli er til sem deild 041101. Skipting kostnaðar milli deilda er 60/40.

Þetta er skráð í upplýsingaveitu þannig:

Stofnun = 042101 og síðan heiti hennar og tengiliður. Síðan koma línur sem segja hver skiptingin er:

042101	60%
041101	40%

Þegar gögn berast upplýsingaveitu á þessa stofnun tekur við sérstök vinnsla sem skiptir færslum hvers lykils í skráðum hlutföllum og í stað skráningar í „Stofnun“ er nú skráð í „Deild“.

Þessari aðferð má beita á allar rekstrareiningar innan aðalsjóðs en ekki milli fyrirtækja.



**TEGUND FÆRSLU**

Tegund færslu er notuð til greiningar lána- og eignaupplýsinga. Í öðrum færslum á ekki að skrá í þetta svæði.

Lánafærslur taka með sér þessa kóta:

HS = Höfuðstóll, staða tímabils sýnir upphaflegan höfuðstól en hreyfing nýjar lántökur á árinu.

AB = Afborgun, staða tímabils sýnir afborganir frá upphafi en hreyfing afborganir á árinu.

VB = Verðbætur, staða tímabils sýnir verðbætur/gengismun frá upphafi en hreyfing tímabils verðbætur/gengismun á árinu.

Eignafærslur taka með sér þessa kóta:

ST = Stofnkostnaður, staða tímabils sýnir upphaflegan höfuðstól en hreyfing aukningu á árinu.

AF = Afskriftir, staða tímabils sýnir uppsafnaðar afskriftir en hreyfing afskriftir á árinu.

SV = Söluverð, hreyfing sýnir söluverðmæti seldra eigna.

**GJALDMIÐILL**

Öllum fjárhæðum er skilað í íslenskum krónum en ef viðskiptamyntin er annar gjaldmiðill er það skráð hér. Nota skal auðkenni gjaldmiðla samkvæmt staðli ISO-4217.

**SJÓÐUR**

Þetta svæði er notað til að greina á milli A- og B-hluta í bókhaldi sveitarfélaga.

**STAÐA TÍMABILS**

Fjárhæð í íslenskum krónum sem segir hver staðan er á uppgjörssdegi.

**HREYFING TÍMABILS**

Fjárhæð í íslenskum krónum sem segir hver hreyfingin er frá upphafi árs til uppgjörssdags.

**ÁÆTLUN TÍMABILS**

Fjárhæð í íslenskum krónum sem sýnir stöðu fjárhagsáætlunar á uppgjörssdegi.

**ÁÆTLUN ÁRS**

Fjárhæð í íslenskum krónum sem sýnir áætlun ársins.

**NÁNAR UM TEGUND SKILA**

Öll skil í upplýsingaveitu eru í formi færslna þar sem ein færsla er fyrir hverja samsetningu mála-flokks, deildar og lykils. Gögn eiga að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að ná fram öllum helstu stærðum ársuppgjörs.

**SKIL INNAN ÁRSINS, AUÐKENNI SENDINGAR F**

Gerð er krafa um skil fjárhagsupplýsinga A- og B-hluta. Greining er samkvæmt GFS lykli og COFOG deildum. Greining skal vera á tegund færslu vegna skuldabréfaupplýsinga og eignagreiningar. Tegund gjaldmiðils skal tilgreina í þeim tilvikum sem hann er annar en íslensk króna.